Guðný Zoëga
Bryndís Zoëga
Kári Gunnarsson

# Málmey á Skagafirði - byggðasögurannsókn



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2013/132

*Forsíðumynd: Yfirlitsmynd af Málmey. Ljósm. Hjalti Pálsson.*

**© Byggðasafn Skagfirðinga**
**2013/132**

## Efnisyfirlit

**Inngangur** .......... **2**

**Ágrip af sögu byggðar í Málmey** .......... **2**

*Búskapur og hlunnindi* .......... *3*

*Málmeyjarkirkja* .......... *4*

*Hjáleigur/afbýli* .......... *5*

Aðferð við fornleifaskráningu .......... 5

Aðferð við fornleifarannsókn .......... 6

**Minjar í Málmey** .......... **6**

**Málmey - fornleifaskrá** .......... **8**

**Fornleifarannsókn** .......... **13**

**Fornleifarannsókn** .......... **35**

Borkjarnar teknir á sléttu austan bæjarhóls (kjarnar 1-19) .......... 35

Minjar upp á Ásnum vestan bæjarins .......... 38

Garðlag og tóftir [Málmey-42-45] .......... 40

Könnunarskurðir í bæjarhól .......... 42

**Niðurstöður** .......... **45**

Varðveisla minja og hættumat .......... 46

**Niðurlag** .......... **47**

## Inngangur

Undanfarin ár hafa starfsmenn Byggðasögu Skagafjarðar og Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga átt samstarf um rannsóknir á fornum byggðaleifum í Skagafirði, ekki síst þar sem þær liggja utan alfaraleiðar. Rannsakaðir hafa verið yfir 60 staðir í tengslum við verkefnið og hafa rannsóknirnar skilað mikilli þekkingu á aldri, gerð og legu elstu byggðaleifa í héraðinu. Nú stendur yfir ritun VII bindis Byggðasögu Skagafjarðar og er viðfangsefnið Hofshreppur. Þar undir fellur umfjöllun um byggð í Málmey sem er ein þriggja eyja á Skagafirði og sú eina sem búið var í til langframa svo vitað sé. Umfangsmiklar búsetuminjar er að finna í eynni en byggð lagðist þar af um miðja 20. öld og hefur hún verið óbyggð síðan. Auk byggðasögurannsóknanna féll Málmeyjarrannsóknin undir tvær aðrar rannsóknir á vegum Fornleifadeildarinnar, annarsvegar kortlagningu og skráningu fornra kirkjugarða í Skagafirði og kortlagningu strandminja sem eru í hættu vegna landbrots. Gerð var tvíþætt áætlun um rannsóknir í eynni. Annars vegar var það heildarskráning fornleifa og annarra minja en hinsvegar smærri fornleifarannsókn í formi könnunarskurða og borkjarnatöku á völdum minjum til að greina aldur þeirra og gerð. Einnig var ætlunin að freista þess að staðsetja mögulegan kirkjugarð í eynni.

Farnar voru tvær ferðir í Málmey sumarið 2012. Í fyrri ferðinni voru minjar skráðar en í seinni ferðinni var auk þess gerðar minniháttar fornleifarannsóknir á völdum minjum. Ætlunin var að fara fyrri ferðina snemmvors, áður en gróður hefði náð sér á strik en þar spilaði rysjótt tíðarfar inn í þannig að sú ferð var ekki farin fyrr en 26. júní. Seinni ferðin var farin 10.-11. júlí og var þá gist yfir nótt í eynni.

Rannsóknunum voru ýmsar skorður settar. Hvanngróður er mjög í sókn í Málmey og er stór hluti eyjunnar nú nánast horfinn í hvannastóð, þar á meðal er bæjarstæðið og umhverfi þess. Miklir og langvarandi þurrkar höfðu auk þess valdið því að í eynni var ekkert vatn og jarðvegur, mannvistarlög þar með talin, þurr og fremur einsleitur.

Sögukaflinn er byggður á samantekt heimilda byggðasöguritaranna Kára Gunnarssonar og Hjalta Pálssonar. Fornleifaskráning, heimildavinna, uppmælingar og úrvinnsla voru í höndum Bryndísar Zoëga en Guðný Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson og Kári Gunnarsson sáu um uppgröft og borkjarnatöku auk þess sem Guðný sá um úrvinnslu gagna og skýrslugerð.

Við þökkum Menningarráði Norðurlands vestra fyrir veglegan styrk til verksins en án hans hefði rannsóknin ekki orðið að veruleika. Einnig þökkum við Sveitarfélaginu Skagafirði og Siglingastofnun sem veittu góðfúslegt leyfi sitt fyrir rannsóknum í eynni.

## Ágrip af sögu byggðar í Málmey

Málmey er á austanverðum Skagafirði, um 3 km, norðvestur af Þórðarhöfða. Eyjan er klettum girt á alla kanta en nyrst og vestast er eyjan hæst, um 156 metrar, þar heitir Kaldbakur. Um 4,5 km eru til lands yfir Málmeyjarsund en til Drangeyjar í suðvestri eru um 10 km. Eyjan er

um 4 km, á lengd og 650 m á breidd, um miðja eyna, en hún mjókkar til beggja enda. Eyjan er öll gróin, en best ræktunarland er um hana miðja að austanverðu.

Bæjarstæðið í Málmey er um miðja eyna austanverða. Bæjarhóllinn er austan undir svonefndum Ási en svo heitir brekkan vestan bæjarins. Kringum bæjarstæðið eru sléttuð tún, sum hver enn með sáðgresi. Norðan við bæjarstæðið eru víðlendir móar, upp að Ásnum og austur á sjávarbakkann, heita þeir Mýrar. Frá bæjarstæðinu eru um 220 metrar niður á sjávarbakkann að austan þar sem heitir Bæjargjá og þar var lending og uppganga í eyna. Önnur lending er í svokölluðu Jarðfalli um 600m vestar á eynni og liggur þangað gata að bæjarstæðinu.

Málmeyjar er fyrst getið í Auðunarmáldaga frá árinu 1318 en þá þegar var kirkja í eynni (DI II. bls. 459.). Vafalítið hafa menn búið í eynni frá upphafi byggðar í landinu þó ekki sé hennar getið í Landnámabók og er ályktun studd af rannsóknunum árið 2012. Gnægtabúr matar er í og við eyna, fugl, fiskur og selur, auk þess að eyjan ber þó nokkurn bústofn. Málmey var í eigu Hólastóls árið 1388 (DI, III. bls. 412) og var seld með öðrum stólsjörðum árið 1802. Málmey var talin 30 hundruða jörð að fornu mati.

Samkvæmt manntalinu 1703 (Manntalsvefur Þjóðskjalasafns skoðaður 22.01.2013) bjuggu 16 manns í Málmey og þar voru einnig sextán manns manns búandi 1951 þegar byggðin lagðist af. Í Málmey var torfbær fram til 1925 en þá var þar reist veglegt íbúðarhús úr timbri með steinsteyptum kjallara. Árið 1951 eyðilagðist húsið hinsvegar í eldsvoða og lagðist byggð þá af í eynni og hefur hún verið óbyggð síðan. Einu leifar timburhússins eru steinsteyptir veggir kjallarans. Steypt fjárhús með bárujárnsþaki voru suður í túninu og eru þau fallin og hvílir þakið á rústum þeirra. Aðrar byggingar hafa verið úr torfi og grjóti og eru nú tóftir einar. Eina húsið sem enn er uppistandandi í eynni er Málmeyjarviti, steyptur 1937.

## Búskapur og hlunnindi

Samkvæmt jarðabók 1709 voru á fóðrum í eynni 4 kýr, 25 ær, 26 lömb, 6 sauðir tvævetrir og 13 veturgamlir. Á fyrri hluta 20. aldar var bústofn hinsvegar nokkur eða um 250 kindur, 20 nautgripir og 4 hestar. Samkvæmt jarðabók frá 1709 mátti í eynni fóðra 2,5 kýr, 20 ær og 10 lömb með heyskap. Í jarðamati frá 1917 var túnið talið 10 dagsláttur, mest slétt og greiðfært, í sæmilegri rækt og gaf af sér 140 hesta. Eyjan er öll grasi vaxin, kjarngóð til beitar og snjólétt. Lending slæm og mjög brimasamt. Heimburður frá sjó er mjög erfiður. Eldivið allan þarf að flytja úr landi, einnig heyjatorf. Í jarðarmatinu er hrognkelsaveiði sögð góð og getið um hlunnindi af trjáreka. Eyjan hafði rétt til uppreksturs á meginlandinu í Unadalsafrétt. (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat 1916-1918. Málmey nr. 89. Skoðað þann 21.01.13).

Fiskveiðar voru stundaðar allan ársins hring í Málmey skv, Jarðabókinni 1709, enda góð fiskimið fast við eyna. Þó er sagt að skipsuppsátur sé illt og með „stórerfiði þarf að gjöra

grjótbryggjur til að setja skipin á,og af þeim upp að draga með handvöðum, og brýtur sjávarágangur þessar bryggjur oftlega hvert ár.“

Æðarvarp segir jarðabókin hafa verið til forna í eynni en hafi ekki verið í mörg ár. Selveiðivon var talin en heppnaðist misjafnlega. Von var um trjáreka en fjaran hélt illa því sem rak. Við bættist að þeir sem hirtu um rekann voru í lífshættu af grjóthruni sem varð nær daglega. Hrognkelsaveiði hafði verið brúkuð en sögð aflögð. (JÁM IX. bls. 246.)

Þrátt fyrir allar þessar neikvæðu lýsingar Jarðabókarinnar, verður að telja líklegt að hlunnindanýting hafi verið snar þáttur í lífi og starfi eyjaskeggja. Fuglaveiði og eggjataka hlýtur að hafa verið stunduð líkt og í öðrum eyjum, sem og selveiði en örnefnið Selvík er til sunnan til á eynni austanverðri. (HSk. 447, 4to.)

Búskapur í eynni hafði sína vankanta sökum vatnsskorts. Allt vatn varð að sækja í brunn, bæði handa mönnum og skepnum. Aðalbrunnurinn var suður frá bænum. Að honum lá göngugarður og þar var hús yfir brunninum. Eftir að sá brunnur var gerður var eyjan aldrei vatnslaus. Ekkert vatn fannst hinsvegar í brunninum við rannsóknirnar sumarið 2012, fremur en annarsstaðar í eynni.

## Málmeyjarkirkja

Elstu heimild um Málmeyjarkirkju er að finna í máldaga Auðuns rauða Hólabiskups frá árinu 1318 þar sem segir: ,,Þar skal brenna ljós í kirkju hverja nótt frá krossmessu á hausti og til krossmessu á vori.“ (DI II. bls. 459.) Vafalítið hefur ljósið verið til leiðsagnar sjófarendum sem hafa verið við róðra úr Hofshreppi yfir vetrartímann. Á fyrri hluta 14. aldar hefur því verið alkirkja í eynni og henni þjónað af heimapresti. Kirkjunnar sem og Málmeyjar er hinsvegar óbeint getið í sögu Guðmundar biskups Arasonar sem flúði til eyjarinnar 1221. Í sögunni segir ,,Eftir stadda ráðagjörð, hvert af skal snúa, vendir herra biskup til skips og flyst í það útsker er Málmey heitir, það liggur til norðanáttar frá biskupsstólnum, skammt undan landi, þar er prestssetur.“ Sagan er rituð á seinni hluta 14. aldar en sé hún rétt er um að ræða elstu heimild um kirkju í eynni (Biskupasögur III. bls. 367).

Í Jarðabókinni árið 1709 er sagt bænhús í eynni. ,,Hér er bænhús og tíðir veittar þá heimamenn eru til sacramentis, en kirkjusókn til Höfða.“ Kirkjuvegur yfir viku sjávar (5,5 km til Höfðamalar) úr hættri lendingu að brimasömu landi.(JÁM IX, bls. 246.) Árið 1765 var bænhúsið í Málmey lagt af með konungsbréfi og hafa það verið lok helgihalds í eynni (Lovsamling for Island, 3. bindi, 1749-1772. Bls. 526). Í lýsingu á eynni frá árinu 1962 segir að vel sjái fyrir veggjum kirkjunnar og kallist Bænhústóft sem lá rétt sunnan bæjarins. Í kringum hana mátti þá greina garðlag og innan þess leiðisþúfur sem snéru allar austur/vestur. (Málmey e. Grím Sigurðsson, Skagfirðingabók II. bls. 54.)

## Hjáleigur/afbýli

Í jarðabókinni 1709 bl.s 265) er getið um eina hjáleigu í eynni sem nefnd er uppi á Koti. Á þeim tíma var búskapur á hjáleigunni aflagður fyrir manna minni en „þó eru þar ljós byggðarmerki“ eins og segir í texta jarðabókarinnar.

## Aðferð við fornleifaskráningu

Fornleifaskráningin hófst á því að farið var í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað var við staðkunnuga þar sem það var mögulegt. Vettvangsferðir fólust í því að eyjan var gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Engin glögg loftmynd er til af Málmey en stuðst var við þær loftmyndir sem til eru hjá Loftmyndum ehf og Landmælingum Íslands. Einnig var stuðst við yfirlitsmyndir sem Hjalti Pálsson tók af eynni úr flugvél.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær bæjarstæðið 1 (auðkennt Málmey - 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Minjastofnunar Íslands sem fer með yfirumsjón minjavörslu í landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Málmey - 1, 13942

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi.

Hættumat kann að breytast síðar vegna framkvæmda eða annarra ástæðna sem ófyrirséðar voru þegar minjarnar voru skráðar. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins, nú Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Minjar í Málmey teljast ekki í mikilli hættu vegna framkvæmda en hinsvegar verður að telja að minjar, auk náttúrulegrar gróðurþekju eyjarinnar, séu í mikilli hættu vegna vaxtar hvanngróðurs.

Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru til um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfar er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu betur. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur minjanna var mælurupp með gps tækjum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur voru færðar inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Upplýsingarnar voru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum skilað á stafrænu formi til Minjastofnunar Íslands og skipulagsyfirvalda í Skagafirði. Minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, s.s. byggingar sem mældar voru upp á túnakortum á fyrrihluta 20. aldar, eða minjar sem heimildamenn töldu sig geta staðsett með öryggi, voru sömuleiðis hnitsettar en þar má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Yfirlitsmynd af eynni er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

### Aðferð við fornleifarannsókn

Kjarnabor var notaður til að greina aldur og gerð minja. Borinn tekur um 5sm þykkan jarðvegskjarna sem í má greina mismunandi jarðlög þar á meðal mannvistarlög og gjósku. Í heildina geta borkjarnar orðið um 1,2m að lengd. Könnunarskurðir voru teknir í túngarð mögulegs afbýlis á austurbakka eyjunnar og í hálf hringlaga garðlag við bæjarhólinn og mögulegan kirkjugarð. Skurðirnir voru hafðir eins smáir og hægt var og fyllt var upp í þá og frá þeim gengið að uppgreftri loknum. Snið skurðanna, þar sem þurfti, voru mæld og teiknuð upp og þau ljósmynduð. Staðsetning könnunarskurða og borkjarna var mæld með nákvæmu gps tæki en sá hluti minjanna sem sést á yfirborði hafði áður verið mældur upp.

Við aldursgreiningu minjanna er stuðst við gjóskulög og sýni tekin til frekari greiningar eþar sem þurfa þykir. Gjóskulög voru nokkuð óglögg í eynni, ekki síst þar sem jarðvegur var mjög þurr og sandborinn. Helsta leiðarlagið var hvítt fremur þykkt gjóskulag úr Heklu sem féll 1104 e.Kr. (H1104). Þetta lag er vel greinanlegt víðast í Skagafirði og má, sökum litar og þykktar, telja helsta leiðarlagið við fornleifarannsóknir í héraðinu. Hitt lagið sem sást var í nokkrum kjarnanna var gráleitt Heklulag sem féll 1300 e.Kr.(H1300).

## Minjar í Málmey

Þær minjar sem gleggstar eru í eynni eru garðlögin sem liggja þvert yfir eyjuna. Tveir garðanna eru gleggstir og voru þeir hlaðnir um 1920 í búskapartíð Franz Jónatanssonar. Annar garðanna liggur um 500m sunnan bæjarstæðisins en hinn um 150m norðan þess. Tveir eldri garðar og mun fornlegri liggja þvert yfir eyna norðan bæjarstæðisins og hafa þvergarðar legið á milli þeirra og skipt svæðinu upp í einhverskonar nytjaeiningar. Gamli bæjarhóllinn stendur nánast fyrir miðri eynni í unnu túni og í honum er steinsteyptur grunnur seinasta íbúðarhússins. Kirkjutóft og kirkjugarður eiga að hafa verið syðst í bæjarhólnum. Þar er nú nokkur tóftaupphækkun og mátti greina jarðsokkið garðlag í boga suður fyrir hólinn en annars eru allar tóftir og aðrar minjar í og við bæjarhólinn horfnar í hvannskóginn sem þar vex. Það

sama má segja um aðrar tóftir í túni. Gleggstu tóftirnar eru hóll neðst í túni sem á stóðu fjárhús sem notuð voru fram á 20. öld. Steinsteypt fjárhús eru hálffallið syðst í túni en aðrar tóftir í túninu voru nánast horfnar í gróður. Á flöt, austan og neðan bæjarhólsins fundust hinsvegar mjög óglöggar og fornlegar tóftir sem einna helst líktust skála og við frekari athugun fundust nokkrar óglöggar tóftir til viðbótar. Vestan bæjarhólsins liggur glöggur garður með áfastri rétt eða mögulega matjurtagarði þar sem vex rabarbari. Í framhaldi af þessum garði má á loftmynd sjá ógreinilegri garð í boga suður fyrir túnið. Hluti túngarðsins var hinsvegar ósýnilegur vegna gróðurs þegar rannsakendur voru í eynni 2012.

Á svokölluðum Ási ofan og vestan bæjarstæðisins eru leifar matjurtagarða sem liggja að hluta ofan á eldri húsaleifum sem líklega eru leifar hjáleigunnar. Tóftirnar eru nokkuð jarðsokknar en þó ágætlega glöggar. Húsatóftirnar liggja innan hólfs sem afmarkað er af þvergörðum sem liggja milli eldri garðanna sem legið hafa þvert yfir eyna. Um er að ræða ferhyrnt hólf um 100x60m að stærð sem kann að hafa verið tún sem tilheyrt hefur kotinu.

Leifar garðlags og nokkurra tófta liggja um 800m suður af bæjarhólnum og um 280m suður af syðra 20. aldar garðlaginu sem þverar eyna. Minjarnar sjást enn nokkuð vel en eru þó nokkuð jarðsokknar vegna sandfoks, en mikill sandur er í jarðvegi sunnan til á eynni. Garðlagið liggur í boga til vesturs frá austur bjargbrún eyjarinnar en austurhluti gerðisins er nú horfinn fyrir björgin. Óvíst er hversu stórt gerðið hefur verið en svæðið innan þess er nú um 80m langt frá norðri til suðurs og rétt um 30m frá vesturhlið þess að bjargbrúninni. Upp við vesturhlið gerðisins innanvert er aflöng dæld sem líkist tóft þótt veggir séu ekki augljósir. Tvær aðrar jarðsokknar tóftir eru stutt utan gerðisins annarsvegar rétt sunnan þess og hinsvegar ferköntuð tóft, mögulega lítil rétt, í móunum vestan þess.

Færri minjar eru sunnanvert á eynni. Nokkuð áberandi hóll er um 80m austan vitans. Hóllinn er í örnefnaskrá kallaður Stekkur og stekkjartóft sögð á hólnum. Hóllinn er stæðilegur en ekki fundust á honum augljós tóftamerki enda er hann þykkgróinn hvönn. Stekkjarmóar heitir svæðið sunnan Stekkjarins og syðst í því liggur enn einn garðurinn þvert yfir eyjuna. Garðurinn var mjög jarðsokkinn og fornlegur. Hann liggur um 120m sunnan vitans og hefur legið frá vesturbakka eyjarinnar, til austurs þvert yfir hana. Nú er greinilegur um 180m langur kafli af garðinum. Þar hefur garðurinn horfið, líklega vegna jarðvegseyðingar og sandfoks. Leifar dálítillar kofatóftar liggja í móanum norðan garðsins og smá kofatóft, líklega smalabyrgi hefur verið uppi í brekku sunnan garðs. Á loftmynd sem tekin var snemmvors má sjá líkindi tóftar upp við garðinn vestanverðan en engin tóft fannst við vettvangskoðun 2012, aðeins stórþýfi og hvannstóð.

# Málmey - fornleifaskrá



*Mynd 1. Horft er til norðvesturs heim að íbúðarhúsinu i Málmey. Tóftaupphækkunin hægra megin við staurinn á myndinni er líklega Bænhústóftin [65]. Bak við manninn sem stendur vinstra megin á myndinni má sjá óljóst garðlag sem könnunarskurður var tekinn í. Myndin er í eigu Minjasafns Akureyrar en hana tók Arthur Gook árið 1929.*

**Málmey-1**
**Hlutverk:** Bæjarhóll
**Tegund:** Hóll
**Staðhættir**

Bæjarhóllinn er austanvert á eyjunni, rétt norðan við miðju hennar, tæpa 170m vestur af sjávarbrún.

**Lýsing**



*Mynd 2. Á myndinni má sjá steyptan kjallaravegg og til vinstri eru leifar af steinsteyptum strompi. Horft er til norðurs og er myndin tekin í suðurhluta kjallarans sem er tvískiptur.*

Hóllinn er um 85x50m að utanmáli, aflangur frá norðri til suðurs. Hann er þakinn miklum gróðri einkum hvönn (l. Angelica archangelica) sem þekur allt bæjarstæðið og hefur náð mikilli útbreiðslu víðar um eyna. Árið 1925 var reist einbýlishús á bæjarhólnum en áður var þar torfbær. Húsið var timburhús með niðurgröfnum steinsteyptum kjallara sem enn stendur að hluta en er að miklu leyti horfinn í gróður. Húsgrunnurinn er um 8x16m að utanmáli. Víða á bæjarhólnum er að finna mann-vistarleifar en þær eru horfnar í gróður.







*Mynd 3. Túnakort Málmeyjar frá 1917 lagt yfir loftmynd.*

**Málmey-2**
**Hlutverk:**Híbýli
**Tegund:** Hleðsla/Heimild
**Staðhættir**
Bæjarhóllinn er austanvert á eyjunni, rétt norðan við miðju hennar, tæpa 170m frá eystri sjávarbrún og á honum stóð torfbær sem var í notkun þar til 1926 en þá var flutt í timburhús sem reist hafði verið á hlaði gamla bæjarins.
**Lýsing**
Minjar á bæjarhólnum eru illgreinanlegar vegna mikils gróðurs en við suðvesturhorn kjallarans virðist vera rúmlega 2ja m langt garðlag eða veggbútur. Gera má ráð fyrir að minjar leynist undir sverði. Það má draga þær ályktanir að eitthvað hafi sést af rústunum áður en gróðurinn tók yfirhöndina en um það segir í örnefnaskrá: „Gamli bærinn stóð vestan Vikuverks. Beint fram á hlaði hans var svo síðasta íbúðarhúsið byggt. Það brann í desember 1950. Nú hefur sprottið mikið hvannstóð yfir rústirnar.“ (ÖMálmey, 3-4). Örnefnaskráin var rituð árið 1973 og virðist á lýsingu sem þá hafi verið kominn töluverður gróður á bæjarhólinn.
**Aðrar upplýsingar**
Líklega er um að ræða byggingarnar sem sjá má í bakgrunni á mynd 1.
Í jarðamati frá 1917 segir: „Byggíng að mestu gömul og léleg.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat 1916-1918. Málmey nr. 89. Skoðað þann 21.01.13).

**Málmey-3**
**Hlutverk:** Blómagarður
**Tegund:** Jarðræktarsvæði
**Staðhættir**
Sunnan við kjallara íbúðarhússins er svæði sem er um 6x9m að ummáli og hefur að líkindum verið blómagarður.
**Lýsing**
Umrætt svæði er afgirt á gömlum ljósmyndum úr Málmey og hefur þar að líkindum verið ræktaður skrúðgarður. Garðurinn sker sig úr umhverfinu þar sem minna er af hvönn en mikið af Ljósatvítönn (l. Lamium Album) sem virðist einskorðast að mestu við þennan blett.



*Mynd 4. Breiða af Ljósatvítönn innan um hvönnina og í baksýns sést í steinsteyptan kjallaravegg. Horft er til NNA.*

**Málmey-4**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Suðaustanvert á bæjarhólnum er garðlag.
**Lýsing**
Það er greinanlegt á um 20m löngum kafla og liggur úr suðvestri í sveig niður halla til norðurs. Hann er algróinn og um 30sm hár og tæplega 1m á breidd. Skurður var tekinn í garðlagið sem leiddi í ljós að hann var reistur einhvern tímann eftir 1104 en ekki fengust nákvæmari niðurstöður.
**Aðrar upplýsingar**
Líklega er um að ræða garðlag það sem sagt er umlykja Bænhústóftina. Svæðið er nú allt horfið í hvönn og erfitt að gera sér grein fyrir afstöðu minja á bæjarhólnum.



*Mynd 5. Niðurgröfturinn er neðst á myndinni grasi gróinn en bæjarhóllinn ofar í hvannastóði.*

**Málmey-5**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Austan og neðan við bæjarhólinn er djúpur niðurgröftur.
**Lýsing**
Niðurgröfturinn er um 4x5m að utanmáli og mest tæplega 2m á dýpt. Rás virðist vera frá bæjarhólnum hugsanlega einhvers konar aðrennsli.



*Mynd 6. Horft er til norðvesturs yfir fjárhústóftina [6].*




**Málmey-6**

**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tæplega 80m suður af bæjarhólnum er fjárhústóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðvestur/suðaustur, fjárhúsin til suðausturs en hlaða til norðvestur. Veggir eru steyptir en húsgrind úr timbri með bárujárnsþaki sem einangrað er með torfi. Grindin er að mestu hrunin og þakið en útveggir standa ágætlega. Garðar eru steyptir og fjárbað í syðsta garðanum. Mikill gróður er í tóftinni.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir:„Suður af Forum var Vikuverk. Það náði suður af fjárhúsunum, sem ennþá standa.“ (ÖMálmey, 3).






*Mynd 7. Horft af brunnhústóftinni heim að bæ.*

**Málmey-7**
**Hlutverk:** Brunnur, brunnhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 150m SSV af bæjarhólnum er brunnhústóft og brunnur.
**Lýsing**
Brunnhústóftin er algróin grasi og stendur í hvannastóði. Það sér í eina spýtu í tóftinni við rás eða lítinn skurð sem liggur út úr tóftinni til norðausturs. Brunnholan er fyrir miðri tóftinni u.þ.b. 70x30sm að ummáli og virðist dýpt vera um 50-60sm.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Svolítið þríhyrna, vestan fjárhúsanna, sem ennþá standa, heitir Brunna. Brunnhús var rétt sunnan Brunnu. Þar var grafið eftir vatni, og var stöðugt rennandi vatn í brunninum.“ (ÖMálmey, 4).



*Mynd 8. Horft er eftir garðlagin 8[]u til suðurs og er brunnurinn [7] við græna þúst sem til hægri við garðinn.*

**Málmey-8**
**Hlutverk:** Gata
**Tegund:** Hleðsla, leið
**Staðhættir**
Til norðurs frá brunninum [7] liggur hlaðin upphækkuð gata.
**Lýsing**
Hleðslan liggur norður/suður og er greinanleg á rúmlega 50m kafla. Hún er um 60sm há og tæplega 2m á breidd, grasi gróin og töluvert er einnig af hvönn á henni. Gatan hefur að líkindum náð lengra heim að bæ en sá hluti var ekki greinanlegur við vettvangsskráningu sumarið 2012 en sést þegar að túnakort frá 1917 er lagt yfir hnitsetta loftmynd.

**Málmey-9**
**Sérheiti:** Bænhústóft
**Hlutverk:** Kirkja/bænhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Elsta örugga heimildin um kirkju í Málmey er Auðunarmáldagi frá 1318, þar segir: „Sá er kyrckiu máldagi j malmey. ad þar skal vera heimilis prestur. oc kaupa ad honum tyder. [...]" (DI II, 459). Vísbendingar eru hinsvegar um að Málmey hafi verið kirkjustaður svo snemma sem á fyrri hluta 13. aldar. Samkvæmt lýsingu á Málmey frá 1962 segir að vel sjái fyrir veggjum kirkjunnar og kallist Bænhústóft. Tóftin var skammt sunnan við bæinn og var garðlag utan um hana og innan þess leiðisþúfur sem snéru allar austur/vestur (Skagfirðingabók II, bls. 54).
**Lýsing**
Tóftin fannst ekki við skráningu 2012 en mikill gróður er á bæjarhólnum og afar erfitt að greina nokkrar minjar. Punktur var tekinn samkvæmt lýsingu í Skagfirðingabók og því má gera ráð fyrir allt að 20-30m skekkju.
**Aðrar upplýsingar**
Teknir voru skurðir efst í hólinn sem tóftin á að hafa staðið og í garðlag sem umlukti svæðið. Í ljós komu leifar affallinnar tóftar byggingar sem reist hefur verið eftir 1300 en garðlagið hefur verið reist eftir 1104. Ekki fékkst staðfesting á því að þarna væri um kirkjugarð og kirkju að ræða en til þess þyrfti víðtækari fornleifarannsókn.

**Málmey-10**
**Hlutverk:** Túngarður, vörslugarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Garðlag liggur frá garði [11] yfir eyna sem reistur var um 1920. Garðlagið liggur til suðurs frá þvergarðinum á um 136m löngum kafla að áföstum hlöðnum matjurtagarði [22]. Ógleggra framhald garðsins liggur boga suður frá matjurtagarðinum á um 200m löngum kafla.


*Mynd 9. Horft eftir garðinum [10] til suðurs frá garði [11].*

**Lýsing**
Garðlagið er greinanlegast nyrst og kann að vera að þar hafi verið hlaðið ofan á eldri túngarð vestan bæjarstæðisins. Við suðurenda hans að vestan beygir hann svo í hálfboga til suðausturs en sá hluti hans var mun ógreinilegri að minnsta kosti við vettvangsathugun 2012. Hlutar garðsins eru því að líkindum misgamlir. Yngsti hlutinn sem er norðan og að hluta að vestan bæjarhólsins er stæðilegur, allt að 180sm hár og mest um 3m á breidd. Hann er algróinn grasi og elftingu en hvönn er farin að skjóta sér niður í garðinum. Norðan við hann er niðurgröftur sem að líkindum er efnistaka fyrir garðinn. Framhald garðsins sem liggur sunnan og suðvestan bæjarstæðisins er öllu ógreinilegri, lágvaxnara mest um 50sm hátt og þýft. Garðurinn var næsta ógreinilegur á kafla vestan til en er greinanlegur á loftmyndum.
**Aðrar upplýsingar**
Líklegast er að um sé að ræða túngarðinn sem umgirt hefur heimatúnið. Að grunni til er garðurinn líklega nokkuð gamall enn nyrsti hluti hans hefur líklega verið hlaðinn 1920 um leið og garðurinn[11] sem liggur þvert yfir eyjuna.




**Málmey-11**
**Hlutverk:** Vörslugarðar
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat:** Hætta vegna landbrots, einkum af völdum veðurs og sjávar.
**Staðhættir**
Veglegur vörslugarður liggur þvert yfir eyna um 120m norðan bæjarstæðisins. Hann nær frá austurbrún eyjunnar til vesturs upp á Ásinn og endar þar við vesturbrún, alls um 600m langur.
**Lýsing**
Garðurinn mun hafa verið hlaðinn upp úr 1920. Út frá honum til suðurs liggja nokkrir þvergarðar, sá austasti og greinilegasti [10] er líklega hlaðinn um leið og garðurinn en upp á Ásnum eru þvergarðarnir eldri sem gæti bent til að garðurinn sé að stofni til eldri. Garðurinn er um 1,7m hár og allt að 4m breiður. Neðsti hluti hans er nokkru breiðari sem gæti skýrst af því að hann sé hlaðinn ofan á eldri garði. Greinilegt er að efni hefur verið tekið í garðinn fast norðan hans. Rof eða hlið er á garðinum fyrir honum miðjum, beint norðan við þar sem að garður [10] liggur upp að honum.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá (bls. 4) segir: „Framan í Ásnum, að austan, var Gvendarbrunnur, kenndur við Guðmund biskup góða. Hann er norður frá bænum, rétt norðan við vörzlugarð þvert yfir eina, sem þeir Gísli og Franz hlóðu, upp úr 1920.“

**Málmey-12**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**
Um 70m austur af suðurenda bæjarhólsins er tóft.
**Lýsing**
Tóftin liggur nokkurn veginn norður/suður, 7x8m að utanmáli. Veggir eru jarðsokknir, mest um 30sm háir og 2m á breidd. Þeir eru ógreinilegir til norðurs, algrónir grasi og hvönn hefur tekið sér bólfestu í austur langvegg.

**Málmey-13**
**Hlutverk:** Óþekkt, öskuhóll?
**Tegund:** Þúst/hóll
**Staðhættir**
Um 70m austur af bæjarhólnum er algróin hólbunga eða þúst sem snýr norðvestur/suðaustur.
**Lýsing**
Þústin var um 5x10m að utanmáli og um 50sm há.
**Aðrar upplýsingar**
Kjarnar voru teknir í þústina. Tveir kjarnanna voru teknir í mögulega veggi en enga mannvist var að finna í þeim. Kjarninn sem var tekinn í miðju tóftar var hinsvegar með þykkum móöskulögum sem líktust frekar ruslalögum en gólfi. Þessi lög virtust liggja undir öskulagi frá 1104 óhreyfðu og var dálítil jarðvegsuppsöfnun á milli móöskulaganna og gjóskunnar sem gæti bent til að lögin séu nokkru eldri. Mögulega hluti ruslahaugs, eða ruslalag.






*Mynd 10. Horft er inn í tóftina til norðausturs.*

**Málmey-14**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Rúmlega 100m austur af suðurenda bæjarhólsins er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er að miklu leyti horfinn í hvannastóð, hún virðist liggja frá norðaustri til suðvesturs mögulega um 3x5m að innanmáli. Aðeins sér í hluta eins veggjar sem er algróinn grasi og er um 60sm hár og um 1m á breidd.




**Málmey-15**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat:** Mikil hætta vegna landbrots en tóftin liggur fram á sjávarbakka sem brotið er af.
**Staðhættir**
Í norðausturhorni gamla túnsins um 175m norðaustur af bæjarhólnum, frammi á sjávarbakka er tóft.
**Lýsing**
Tóftin liggur austur/vestur og eru veggir greinilegir til norðurs og suðurs annars er tóftin þakin hvönn. Veggir eru algrónir um 30-70sm háir og mest um 1m á breidd.

**Málmey-16**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat:** Mikil hætta vegna landbrots en tóftin liggur fram á sjávarbakka sem brotið er af.
**Staðhættir**
Í norðausturhorni gamla túnsins um 160m norðaustur af bæjarhólnum er tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr norður/suður og er 5x13m að utanmáli. Hún er algróin grasi og mikið er af hvönn á henni sem gerir það að verkum að erfitt er að greina útlit tóftar. Veggir eru 50-120sm háir og mest rúmlega 1m á breidd og virðast gerðir úr torfi og grjóti. Tóftin stendur á nokkurri upphækkun og er líklegt að hún sé byggð á eldri minjum. Austan við tóftirnar eru niðurgreftir þar sem virðist hafa verið einhver efnistaka, hugsanlega hefur þar verið tekið torf í veggi.




**Málmey-17**
**Hlutverk:** Óþekkt, skáli?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 117m austan og neðan við bæjarhólinn liggur í þýfðum móa fremur óglögg jarðsokkin aflöng tóft.
**Lýsing**
Tóftin liggur norðaustur-suðvestur og er um 20m löng og um 10m á breidd að utanmáli. Engar eiginlegar dyr eru á tóftinni en ekki var hægt að greina vegg fyrir austur gafli. Tóftin líktist einna helst hefðbundinni skálatóft. Veggjahæð er um 30sm og þykkt um 2m. Gróður gras, elfting hvönn farin að skjóta sér niður í tóftinni.

**Málmey-18**
**Hlutverk:** Óþekkt, öskuhaugur?
**Tegund:** Þúst
**Staðhættir**
Um 6m austan við langvegg tóftar [17] er aflöng þúst sem liggur norðaustur-suðvestur.
**Lýsing**
Þústin er 7x14m að ummáli.
**Aðrar upplýsingar**
Teknir voru kjarnar í þústina sem staðfestu að þar væri líklega um ruslahaug að ræða. Hann hefur verið aflagður fyrir 1104.

**Málmey-19**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tóft liggur fast upp við og samsíða túngarðinum [10] um 120m norðvestur frá bæjarstæðinu.
**Lýsing**
Tóftin liggur norður-suður og gegnir túngarðurinn hlutverki vesturveggjar. Hún er 5x6m að utanmáli. Dyr hafa snúið til austurs. Tóftin er algróin grasi, hvönn og elftingu og hvergi sér í grjót. Veggir eru um 130sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Þak er fallið en sér í timbur sem virðist geta verið hornstoð úr húsinu. Staðsetning minjanna passar við tvískipt hús sem sýnt er á túnakorti frá 1917 sem lagt var yfir hnitsetta loftmynd. Hlutverk hússins er ekki merkt á túnakortið (túnakortið er á bls. 9).

**Málmey-20**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst/tóft
**Staðhættir**
Hringlaga þúst eða upphækkun liggur um 125m austan bæjarstæðisins og rúmlega 20m norður af meintri skálatóft [17].
**Lýsing**
Svæðið er sporöskjulaga um 23m langt frá norðri til suðurs en 17m frá austri til vesturs.
**Aðrar upplýsingar**
Þar sem að ætlunin var að kanna hvar miðalda kirkja og kirkjugarður hefðu mögulega legið voru teknir nokkrir kjarnar í upphækkunina. Mikil hvönn óx í upphækkuninni þannig að ekki var hægt að greina hvort þar væru einhver veggjalög. Í öllum kjörnunum var lítil sem engin mannvist ofan H1104 gjóskunnar. Hinsvegar var móöskublandin mold undir gjóskunni en engin torf eða veggjalög greinileg. Ekki er hægt að staðfesta hvernig minjar um er að ræða nema með ítarlegri fornleifakönnun.
Þegar túnakort var lagt yfir loftmynd kom í ljós tvískipt bygging á sama stað sem hefur þá verið í notkun þegar túnakortið var gert 1917. Engin merki tóftarinnar voru hinsvegar sýnileg á yfirborði en allt svæðið var hulið hvönn. Af niðurstöðum borkjarnamælingar er ljóst að húsið hefur verið reist á eldri minjum (Túnakortið er á bls. 9).

**Málmey-21**
**Hlutverk:** Óþekkt, rétt?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Utan við túngarðinn tæplega 160m norðaustur af bæjarhólnum garðlag sem afmarkar smá hólf upp við utanverðan garð [11] frá 1920.
**Lýsing**
Garðlagið er rúmlega 2x6m að utanmáli og um 30sm hátt og mest 1m á breidd. Það er algróið grasi og er illgreinanlegt vegna mikils hvannargróðurs.




**Málmey-22**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Upp við túngarðinn um 40m vestur af bæjarhólnum er garðlag sem myndar ferhyrndan garð.
**Lýsing**
Garðlagið er um 20x23m að utanmáli, algróið grasi, hvönn og ýmsum blómgróðri. Veggir eru heillegir, 30-70sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Vesturveggur er hluti af túngarðinum. Rabarbari vex enn í horni garðsins.

**Málmey-23**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Vestan við matjurtagarðinn [22] er tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr austur/vestur og er 4x6m að utanmáli, dyr hafa snúið til austurs. Veggir eru hrundir, mest um 30sm háir og 1m á breidd. Þeir eru algrónir grasi, mosa og ýmsum blómgróðri.

**Málmey-24**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 10m norðvestan við matjurtagarðinn [22] er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er 4,5x6m að utanmáli. Engar dyr eru greinanlegar og veggir mikið hrundir, 10-30sm háir og mest um 1m á breidd. Þeir eru algrónir grasi og mosa og byrjaðir að verða þýfðir.

**Málmey-25**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 10m norðvestan við matjurtagarðinn [22] er tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr norður/suður, 5x8m að utanmáli og hafa dyr snúið til austurs. Veggir eru nokkuð hrundir, 30-60sm háir og mest um 1m á breidd. Þeir eru algrónir og að hluta hlaupnir í þúfur.

**Málmey-26**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Um 25m norður af matjurtagarðinum [22] er niðurgröftur.
**Lýsing**
Niðurgröfturinn er um 5m í þvermál og 30sm djúpur. Um 7m austar er annar niðurgröftur sem er um 120sm djúpur og 2x4m að ummáli. Óvíst er hvert hlutverk er en ljóst að þetta er manngert.

**Málmey-27**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst
**Staðhættir**
Uppi við túngarðinn að vestan, tæplega 60m norður af matjurtagarðinum [22] er þúst.
**Lýsing**
Þústin er 2x5m að utanmáli og snýr norður/suður. Hún er um 30sm há, grasi gróin en engin veggjalög eru greinanleg en þó virðist vera um manngert fyrirbrigði að ræða.

**Málmey-28**
**Hlutverk:** Óþekkt, útihús
**Tegund:** Þúst
**Staðhættir**
Í aflíðandi brekku vestan bæjar, um 40m VNV af matjurtagarðinum nr. 22 er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er 6x8m að utanmáli og snýr austur/vestur og hafa dyr snúið til austurs. Tóftin er algróin, veggir mikið fallnir, 10-50sm háir og mest um 2m á breidd.

**Málmey-29**
**Hlutverk:** Óþekkt, útihús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í aflíðandi brekku vestan bæjar, rúmlega 50m VNV af matjurtagarðinum [22] er tóft.
**Lýsing**

Tóftin liggur norðvestur/suðaustur og er 4x9m að utanmáli. Hún virðist tvískipt og gæti verið um gripahús að ræða með heytóft til norðvesturs. Veggir eru algrónir grasi, mosa og ýmsum blómgróðri. Þeir eru 20-50sm háir og mest rúmlega 1m á breidd.

**Málmey-30**
**Hlutverk:** Óþekkt, útihús, stekkur?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í aflíðandi brekku vestan bæjar, rúmlega 140m VNV af bæjarstæðinu.
**Lýsing**
Tóftin er líklega tvískipt og liggur nokkurn veginn austur/vestur, 3,5x9m að utanmáli. Veggir eru algrónir grasi, þýfðir og nokkur hrundir, 20-30sm háir og um 1m á breidd.

**Málmey-31**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft, niðurgröftur
**Staðhættir**
Á hól á Ásnum vestan bæjar er niðurgröftur
**Lýsing**
Tóftin/niðurgröfturinn er rúmlega 2m að þvermáli og mest um 30sm djúp. Hún er algróin og á brúninni er 10-20sm há hleðsla.



*Mynd 11. Horft er til suðurs og er niðurgröfturinn fyrir miðri mynd. Sjá má í grjót í botni hans hægra megin á myndinni.*

**Málmey-32**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Tæplega 190m norðvestur af bæjarhólnum, fast utan við vörslugarðinn [11] frá því um 1920 er niðurgröftur.
**Lýsing**
Niðurgröfturinn er hringlaga um 3m í þvermál og mest um 50sm djúpur. Hann er grasi gróinn en grjóthleðsla er að hluta til í botninum.

**Málmey-33**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Vestarlega á eyjunni í einu af hólfunum sem garðlögin á Ásnum mynda er tvískipt tóft.
**Lýsing**




Tóftin er í horni sem myndað er af vörslugarðinum [11] frá 1920 að norðan og eldri garði [61] sem liggur þvert á þann fyrri að austan. Tóftin er byggð upp við síðarnefnda garðinn. Hún snýr nokkurn veginn austur/vestur (ANA/VSV) og er 7x8m að utanmáli. Tóftin er tvískipt, kró til suðurs en rétt til norðurs og virðist innangengt á milli en hlið hafa verið úr réttinni og krónni til vesturs. Veggir eru að nokkru hlaupnir í þúfur, 30-60sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Tóftin er algróin og mikill gróður er á henni, gras, ljónslöpp, elfting og ýmis blómgróður.




**Málmey-34**
**Sérheiti:** Kot/Upp á Koti
**Hlutverk:** Híbýli?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Vestarlega á eyjunni í einu af hólfunum sem garðlögin á Ásnum mynda er tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr austur/vestur, 9x17m að utanmáli. Veggir eru algrónir miklu grasi og elftingu, þeir eru 30-60sm háir og mest um 1,5m á breidd. Tóftin skiptist í tvö hólf sem skiptast einnig í tvö hólf hvort um sig. Til austurs virðist hafa verið útihús fyrir húsdýr. Tóftin tilheyrir líklega afbýli sem heimildir greina frá uppi á Ásnum og kallast Kot. Svo virðist sem útihús hafi verið byggt ofan á eldri hús.
**Aðrar upplýsingar**
Í jarðabók frá 1709 segir: „Hjer hefur verið á eyjunni ein hjáleiga til forna, það er nú kallað upp á Koti. Enginn minnist til þeirrar byggðar, en þó eru þar ljós bygðarmerki. Skyldi hjer aftur byggja þá rýrði það grasnautn jarðarinnar því meir, sem þó er ærið naum ut supra.“ (JÁM, 265). Í örnefnaskrá segir: „Sögn er um það, að bær Málmeyjar-Gunnu [þjóðsagnarpersónu] hafi staðið þarna.“ (ÖMálmey, 5).

## Málmey-35




**Hlutverk:** Óþekkt, matjurtagarður
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Vestarlega á eyjunni í einu af hólfunum sem garðlögin á Ásnum mynda er tóft [34] og fast sunnan hennar eru yngri matjurtagarðar.
**Lýsing**
Annar garðurinn er umfangsmeiri eða 22x33m að utanmáli. Veggir eru 20-80sm háir og mest um 1m á breidd. Hann er á kafla stæðilegur, einkum til norðurs en austurveggur er á kafla illgreinilegur. Hann liggur á smá kafla að norðan yfir hluta af meintri bæjartóft [34]. Hlutverk er óljóst en hugsanlega hafa verið þarna matjurtagarðar. Garðlögin eru yngri en aðrir garðar umhverfis.

## Málmey-36

**Hlutverk:** Óþekkt, matjurtagarður?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Vestarlega á eyjunni í einu af hólfunum sem garðlögin á Ásnum fast sunnan tóftar [34] eru garðar.
**Lýsing**
Minni garðurinn er um 9m á kant. Hann er algróinn, veggir 20-40sm háir og innan við 1m á breidd. Hlutverk er óljóst en hugsanlega hafa verið þarna matjurtagarðar.

## Málmey-37




**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Austan í Ásnum, 170m ofan (vestan) bæjarhólsins eru leifar smákofa.
**Lýsing**
Tóftin er algróin og snýr norður/suður, 5x8m að utanmáli. Veggir eru að nokkru þýfðir, 30-50sm háir og mest tæpir 2m á breidd. Dyr eru ekki greinanlegar.



*Mynd 12. Horft ofan í brunninn og má sjá steinana í botninum og timburleifar.*

**Málmey-38**
**Sérheiti:** Gvendarbrunnur
**Hlutverk:** Brunnur
**Tegund:** Uppspretta(þornuð)/ niðurgröftur
**Staðhættir**
Austur undir Ásnum um 260m norðvestur af bæjarhólnum og 130m norður af nyrsta vörslugarðinum [11] er uppþornuð uppspretta og leifar af brunni.
**Lýsing**
Einföld grjóthleðsla er í botni upp-sprettunnar ásamt tveimur spýtum og mjóu járnröri.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá (bls.4) segir: „Framan í Ásnum, að austan, var Gvendarbrunnur, kenndur við Guðmund biskup góða. Hann er norður frá bænum, rétt norðan við vörzlugarð þvert yfir eina, sem þeir Gísli og Franz hlóðu, upp úr 1920. Franz og Gísli grófu upp brunninn og fundu þá ræsishleðslu, sem lá í hann í stefnu á Mýrarnar. Það voru hellur, sem reistar voru upp á röð, og síðan voru hellur yfir. Þær voru u.þ.b. 6-8 tommur á lengd og hæð. Úr Gvendarbrunni var ausið upp handa stórgripum.“

**Málmey-39**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft/þúst
**Staðhættir**
Í aflíðandi brekku sunnan við Kaldbak, um 670m norðvestur af bæjarhólnum er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er nánast hringlaga um rúmlega 5m að þvermáli. Veggir eru breiðir og fyrir miðju tóftar er hólf sem er um 50x120sm að ummáli og 80-100sm djúpt. Hugsanlega getur þetta einnig verið hóll eða þúst með niðurgreftri fyrir miðju, hlutverk er óvíst.



*Mynd 13. Þúst mögulega leifar tóftar norðarlega á eynni.*




**Málmey-40**
**Hlutverk:** Óþekkt, naust?
**Tegund:** Tóft
**Hættumat:** Hætta vegna landbrots. Tóftin er innan við 10m frá sjávarbrún sem að brotnar af.
**Staðhættir**
Á sjávarbrún um 430m suður af bæjarhólnum, við svonefnt Klif, þar sem áður var lending, er tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr austur/vestur og er 5x10m að utanmáli. Tóftin er vel glögg, veggir 10-50sm háir og mest um 2m á breidd en þeir eru töluvert hrundir og aðeins mjó ræma á milli þeirra. Tóftin er algróin og er hvönn byrjuð að vaxa á henni.

**Málmey-41**
**Hlutverk:** Vörslugarður
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat:** Hætta vegna landbrots. Austurendi garðlagsins liggur fram á sjávarbrún
**Staðhættir**
Um 460m suður af bæjarhólnum er garðlag.
**Lýsing**
Garðurinn liggur þvert yfir eyjuna frá austri til vesturs og er rúmlega 300m langur. Hann er um 1m á hæð og mest um 1,5m á breidd, víða hruninn. Skurður liggur meðfram garðinum að sunnan. Við vesturenda garðsins beygir hann til suðvesturs og liggur þar nokkurn veginn fram á sjávarbrún. Þar sem skurðurinn beygir er garðlag sem að afmarkar lítið hólf við horn garðsins 4x6m að innanmáli.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Gísli og Franz hlóðu annan vörzlugarð heldur en að framan greinir, Þvert yfir eyna hann var að austan rétt sunnan við Klif og að vestan fast norðan við Tófunefið. Á vorin var lambféð haft fyrir sunnan syðri garðinn, en geldféð fyrir norðan ytri garðinn. Aldrei voru neinar skepnur hafðar á milli vörzlugarðanna.“ (ÖMálmey, 5).




**Málmey-42**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat:** Mikil hætta vegna landbrots en þegar hefur brotið af garðlaginu til austurs.
**Staðhættir**
Leifar garðlags og nokkurra tófta liggja um 750m suður af bæjarhólnum og um 280m suður af syðra 20. aldar garðlaginu [41] sem þverar eyna.
**Lýsing**
Minjarnar eru vel greinanlegar en þó nokkuð jarðsokknar vegna sandfoks, en mikill sandur er í jarðvegi sunnan til á eynni. Garðlagið liggur í boga til vesturs frá austur bjargbrún eyjarinnar en austurhluti þess er nú horfinn fyrir björgin. Óvíst er hversu stórt gerðið hefur verið en svæðið innan þess er nú um 80m langt frá norðri til suðurs og rétt um 30m frá vesturhlið þess að bjargbrúninni. Þykkt veggjar er 2m og hæð um 80sm. Garðurinn er vaxin grasi og mosa en hvönn farin að skjóta þar rótum.

**Málmey-43**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Dæld
**Hættumat:** Möguleg hætta vegna landbrots en aðeins eru um 13m fram á sjávarbrún.
**Staðhættir**
Upp við vesturhlið gerðisins innanvert er aflöng dæld sem líkist tóft þótt veggir séu ekki augljósir.
**Lýsing**
Dældin liggur austur-vestur er um 7m löng og um 3m breið og rétt um 30sm á dýpt. Ávalir veggir virtust umlykja dældina en ekki var hægt að greina glögg veggjalög. Tóftin er mjög jarðsokkin vegna sandfoks. Hún er algróin grasi og mosa.
**Aðrar upplýsingar**
Teknir voru nokkrir kjarnar í veggi og gólf tóftarinnar en engin mannvistarlög komu þar fram.

**Málmey-44**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Rétt um 3m suðvestur af gerðinu eru mjög jarðsokknar leifar tóftar.
**Lýsing**
Tóftin liggur norður-suður og er um 12m á lengd og um 9m á breidd. Veggir eru mjög ávalir líklega vegna sandfoks. Ógleggri leifar tóftar liggja í fimm metra til suðurs frá tóftinni og virðast liggja undir hana norðan til. Um eldri tóft gæti verið að ræða er einnig kann að vera að

tóftin hafi verið tvískipt. Veggjahæð 4sm, þykkt 1,5m. Gróður hvönn farin að skjóta sér niður í tóftina.

**Málmey-45**
**Hlutverk:** Óþekkt, rétt
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Í þýfðum móa 30m norðvestan gerðisins [42] eru leifar garðlags, mögulega lítillar réttar.
**Lýsing**
Líkt og gerðið og aðrar tóftir við það voru veggir mjög ávalir og enginn útangur var merkjanlegur á tóftinni. Hún virtist standa á dálítilli upphækkun sem gæti bent til að hún hafi verið byggð ofan í eldri tóft. Veggjahæð er um 50sm, breidd 1m og utanmál 9x11m. Garðlagið er algróið grasi og mosa og móagróður umhverfis.

**Málmey-46**
**Sérheiti:** Stekkur
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Nokkuð áberandi hóll liggur um 80m austan vitans.
**Lýsing**
Hóllinn liggur norðaustur-suðvestur og er um 20x27m að utanmáli. Hann er í örnefnaskrá kallaður Stekkur og stekkjartóft sögð á honum. Hann er enn nokkuð stæðilegur, um 1,5m á hæð en ekki fundust á honum augljós tóftamerki enda er hann algróinn hvönn. Umhverfis hólinn að sunnanverðu var greinilegur niðurgröftur, líklega vegna torftöku til stekkjargerðarinnar. Greinilegt er á stærð hólsins að þar hefur verið byggt oftar en einu sinni á sama stað.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir „Í þeim móum, beint austur af vitanum, er hóll nefndur Stekkur. Á honum eru stekkjarbrot.“ (ÖMálmey, 6).



*Mynd 14. Horft er til norðausturs upp af leifum íshússins.*



*Mynd 15. Íshúsið í Jarðfallinu. Í fjörunni neðan við eru bátar og til hægri við húsið eru stigar upp í eyjuna. Myndin er í eigu Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.*

**Málmey-47**
**Hlutverk:** Salthús
**Tegund:** Grunnur
**Staðhættir**
Sunnarlega í Jarðfallinu við stíginn upp í eyjuna er steinsteyptur grunnur húss.
**Lýsing**
Grunnurinn er 5x11m að utanmáli og snýr norður/suður. Norðan við hann eru einhverskonar mannvirkjaleifar.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Salthús úr timbri var reist norður af búðunum. Það fauk en brak af því sést ennþá.“ (ÖMálmey, 6).

**Málmey-48**
**Hlutverk:** Óþekkt, vörslugarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Sunnarlega á eyjunni, rúmlega 1200m suður af bæjarstæðinu er fornlegt garðlag sem liggur þvert yfir eyna frá austri til vesturs.
**Lýsing**
Garðlagið er um 175m langt algróið og þýft. Það er misvel greinilegt 10-60sm hátt og mest um 2m á breidd.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Svo virðist sem einn vörzlugarður hafi verið sunnar en syðri vörzlugarður þeirra Gísla og Franz. Fyrir þeim garði sést móta syðst í svonefndum Stekkjarmóum, sem eru austur og suður af vitanum.“ (ÖMálmey, 5-6).




**Málmey-49**
**Hlutverk:** Óþekkt, rétt
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Tæplega 70m norður af garðlagi [48] í svokölluðum Stekkjarmóum er tóft, líklega af lítilli rétt.
**Lýsing**
Garðlagið er um 8m á kant, 10-30sm hátt og mest um 1m á breidd. Það er algróið, veggir jarðsokknir og þýfðir. Ekkert hlið er greinanlegt.

**Málmey-50**
**Hlutverk:** Óþekkt, smalakofi
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í aflíðandi brekkur, sunnarlega í Málmey, um 120m suðaustur af austurenda garðlags [48] þvert yfir eyna er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er 2,5x3m að utanmáli og hafa dyr verið til vesturs. Veggir eru 20-30sm háir og mest tæplega 1m á breidd. Þeir eru algrónir og þýfðir. Hugsanlegt er að þetta hafi verið einhverskonar byrgi eða skjól, t.d. fyrir smala.




**Málmey-51**
**Hlutverk:** Óþekkt, túngarður, vörslugarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Norður af bæjarhólnum er garðlag sem liggur NNA/SSV.
**Lýsing**
Garðlagið er alls um 100m langt, 40sm á hæð og mest um 3,5m á breidd enda mikið hrunið. Það er frekar illgreinanlegt í miklum gróðri, einkum hvönn. Óvíst er hvert hlutverk er en mögulega eru þetta leifar gamals túngarðs eða hluti af vörslugörðum sem finnst víða á eyjunni.
**Aðrar upplýsingar**
Er líklega framhald garðs [57] sem liggur til austurs yfir og niður Ásinn. Á loftmynd sem tekin var af svæðinu áður en gróður varð hvað gróskumestur virðist þessi tvö garðlög geta verið brot af einum hinna fornu þvergarða yfir eyna. Ekki var hægt að greina þetta nánar við vettvangskönnunina þar sem gróður var orðinn of mikill.

**Málmey-52**
**Sérheiti:** Klif

**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Stórgrýtt fjara er frá Gataforvaðavík norður í svonefnt Klif. Í Klifi er hægt að komast upp á eyjuna að austanverðu og þar var lending.“ (ÖMálmey, 1). Í skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls eftir fráfall Jón Arasonar biskups er getið um: „forn skip j Malmey.“ (DI XI, 854).
**Lýsing**
Punktur er tekinn eftir lýsingu í örnefnaskrá og má gera ráð fyrir allt að 50m skekkju.

**Málmey-53**
**Sérheiti:** Bæjargjá
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Gjá þar fyrir norðan [Klifdranga og Klifbrík] nefnist Bæjargjá og heitir lendingin niður af henni einnig Bæjargjá. Hægt er að komast upp á ey eftir Bæjargjá.“ (ÖMálmey, 1).
**Aðrar upplýsingar**
Í skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls eftir fráfall Jón Arasonar biskups er getið um: „forn skip j Malmey.“ (DI XI, 854).
**Lýsing**
Punktur er tekinn eftir lýsingu í örnefnaskrá og má gera ráð fyrir allt að 50m skekkju.

**Málmey-54**
**Sérheiti:** Ytra-Jarðfall
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Þegar kemur nokkuð suður fyrir Löngufjöru heitir Ytra-Jarðfall, framfall úr bjarginu. Rétt þar fyrir sunnan er Syðra-Jarðfall. Þar er lending og gerðu eyjamenn út þaðan hér áður.“ (ÖMálmey, 1).
**Aðrar upplýsingar**
Í skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls eftir fráfall Jón Arasonar biskups er getið um: „forn skip j Malmey.“ (DI XI, 854).
**Lýsing**
Punktur er tekinn eftir lýsingu í örnefnaskrá og má gera ráð fyrir allt að 50m skekkju.

**Málmey-55**
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Friðrik Stefánsson fyrrverandi alþingismaður bjó í Málmey og átti eyjuna upp úr aldamótunum 1900. Hann byggði lítinn bæ handa útgerðarformanni sínum Stefáni Péturssyni



*Mynd 16. Mynd sem sýnir garðlög sem liggja þvert yfir eyna norðan bæjarhólsins. Lengst til vinstri er garður sem reistur var um 1920 en hægra megin eru tveir eldri garðar sem einnig virðast hafa þverað eyna og garðlög milli þeirra hafa skipt þeim upp í hólf. Ljósm. Hjalti Pálsson.*

og hans konu Dýrleifu Einarsdóttur. Var bærinn við götuna að lendingunni vestan á eynni og ræktaði Stefán allgott tún kringum bæinn. (Skagfirzkar æviskrár 1890-1910, IV, bls. 208209.) Engin ummerki sjást lengur um bæinn en útmörk túnsins sjást glögglega á loftmynd. Punktur var tekinn af loftmynd eftir lýsingu í örnefnaskrá og má gera ráð fyrir allt að 30m skekkju.

**Málmey-56**
**Hlutverk:** Vörslugarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Um 4m sunnan við nyrsta garðinn [11] sem þverar eyna og sem hlaðinn var 1920 er samskonar eldri garður.
**Lýsing**
Garðurinn liggur frá ANA/VSV og er um 480m á lengd. Hann er 30-80sm hár og mest um 3má breidd, vaxinn grasi og blómgróðri. Garðurinn liggur þvert yfir eyjuna en hann er augljósari þar sem hann liggur yfir Ásinn vestan bæjarstæðisins. Garðurinn er sveigður í vesturenda og liggur að garði [11] en sá garður kann að stofni til að vera jafn gamall hinum þvergörðunum [56] og [57].
**Aðrar upplýsingar**
Kjarnar sem teknir voru í garðinn gáfu til kynna að hann væri hlaðinn eftir 1104 en engin gjóska fannst ofan garðsins. Garðurinn er hluti garða sem legið hafa yfir eyna og þvergarða á milli þeirra sem skipta eyjunni upp í beitar- eða annarskonar nytjahólf. Í Örnefnaskrá Málmeyjar (bls. 5) segir: „Mörg ferhyrnd garðahólf eru vestur af bænum, beggja vegna í

Ásnum og uppi á honum. Þau eru nokkuð stór og garðarnir miklir í kringum þau. Þarna uppi á Ásnum eru einnig nokkrar tóftir af húsum. Þessi hólf og tóftarbrot eru rétt fyrir sunnan nyrðri vörzlugarðinn.“

**Málmey-57**
**Hlutverk:** Vörslugarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Rúmlega 50m suður af garði [56] er annar garður sem liggur samsíða þeim fyrrnefnda.
**Lýsing**
Garðurinn er algróinn grasi og mosa, 30-70sm hár og mest um 3m á breidd, mikið hruninn. Hann er tæplega 240m á lengd og er mögulegt að garðlag [51] sé framhald hans og hann hafi legið þvert yfir eyjuna eins og garðar nr. 11 og nr. 56.

**Málmey-58**
**Hlutverk:** Vörslugarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Vestast á eyjunni liggur þvergarður norður-suður á milli garðlaga [56] og [47].
**Lýsing**
Garðlagið er vesturhlið hólfs sem afmarkað er af görðum, það er grasi og mosa vaxið og mikið er af sóleyjum og fíflum á því. Það snýr nokkurn veginn norður/suður, er um 45m langt, 30-50sm hátt og mest um 3m á breidd.
**Aðrar upplýsingar**
Kjarnar sem voru teknir í garðinn gáfu vísbendingu um að garðurinn væri hlaðinn eftir 1104 en aflagður fyrir 1300.

**Málmey-59**
**Hlutverk:** Vörslugarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Á milli garðlaga [56] og [57] er annað þvergarðlag.
**Lýsing**
Garðlagið liggur norður/suður og er um 80 á lengd. Það er 30-50sm hátt og um 2,5m á breidd, algróið grasi og mosa og sóleyjar og fíflar vaxa á því.

**Málmey-60**
**Hlutverk:** Vörslugarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Á milli garðlaga [11] og [56] er garðlag sem liggur frá norðri til suðurs.
**Lýsing**
Garðlagið er um 25m langt, algróið grasi, elftingu og blómgróðri. Það er 40-50sm hátt og mikið hrunið, 2-3m á breidd.



*Mynd 17. Vitinn sunnanvert á eynni.  Græna þústin vinstra megin og ofan hans er Stekkurinn [46] og hægra megin er fornt garðlag [48] sem þverað hefur suðurhluta eyjarinnar. Svæðið þar á milli kallast Stekkjarmóar. Ljósm. Hjalti Pálsson.*

**Málmey-61**
**Hlutverk:** Vörslugarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Á milli garðlaga [11] og  [56] austan við stekkjartóft [33] er garðlag.
**Lýsing**
Garðlagið snýr norður/suður og er um 25m á lengd. Það er grasi gróið, 40-70sm hátt og mest um 3m á breidd.

**Málmey-62**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Staðhættir**
Gata liggur frá Jarðfallinu til norðausturs að bænum.
**Lýsing**
Hún er rúmlega 460m á lengd, gróin og allt að 2m á breidd. Gata hefur að líkindum verið þarna frá fornri tíð en á 20. öld hefur verið þar akfær vegur.

**Málmey-63**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata

**Staðhættir**
Gata liggur frá Jarðfallinu til suðurs í gegnum garðlag nr. 41 og áfram í átt að vitanum.
**Lýsing**
Vitinn var byggður 1937 og óvíst er hvort þarna hafi verið gata áður. Hún er grasi gróin og um 100-130sm breið.

**Málmey-64**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Staðhættir**
Gata liggur frá bæjarhólnum til austurs í átt að sjó og er rúmlega 160m löng. Ekki sást móta fyrir henni á vettvangi vegna mikils gróðurs en það sér fyrir henni á loftmynd af eyjunni.

**Málmey-65**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hóll/þúst
**Staðhættir**
Tæplega 50m norður af bæjarhólnum virðist á loftmynd vera hóll eða þúst en þarna fannst ekkert við skráningu sumarið 2012.
**Lýsing**
Meintur hóll/þúst er 40x50m að utanmáli og virðist á loftmynd vera leifar einhvers konar mannvirkis. Þarna var mikill gróður þegar skráning fór fram sumarið 2012 og erfitt að greina minjar, einkum þar sem að hvönn var mest. Þegar túnakort frá 1917 er lagt yfir hnitaða loftmynd passar það saman við hús sem sýnt er á kortinu en hlutverk þess kemur ekki fram.

# Fornleifarannsókn



*Mynd 18. Fornar jarðsokknar tóftir [17] austast á eynni. Borkjarnar bentu til að þar væri bæjarhús og öskuhaugur eldri en 1104. Ljósm. Kári Gunnarsson.*

## Borkjarnar teknir á sléttu austan bæjarhóls (kjarnar 1-19)

Tóft (skáli?) [Málmey-17]

Um 117m austan og neðan við bæjarhólinn liggur í þýfðum móa fremur óglögg jarðsokkin aflöng tóft. Hún lá norðaustur-suðvestur og var um 20m löng og um 10m á breidd að utanmáli. Engar eiginlegar dyr voru á tóftinni en ekki var hægt að greina vegg fyrir austur gafli. Tóftin líktist einna helst hefðbundinni skálatóft.

Teknir voru kjarnar með 1m millibili í 13m langa beina línu þversum í gegn um miðja tóftina. Engin glögg merki torfveggja komu fram í kjörnunum þar sem þeir voru teknir í veggjalög sem sáust á yfirborði. Hinsvegar kom í ljós í nokkrum kjarnanna ummerki gólflags með kolum og móösku. Slík gólflög er iðulega að finna í húsum sem menn hafa búið í og er því líklegt að þarna sé um híbýli sé að ræða. Sökum tímaskorts voru frekari könnunarskurðir ekki teknir í tóftina enda voru niðurstöður kjarna nokkuð afgerandi. Mannvistin var allstaðar skammt undir H1104 gjóskunni og benti þykkt mannvistarlaga langrar búsetu, jafnvel aftur til 10. aldar.

Örlítil ummerki um mannvist í formi kola áfoks var að finna milli 1104 og 1300 gjóskulaganna en nánast engin ummerki eftir 1300.




<u>Tóft [Málmey-12]</u>

Kjarnar voru teknir í óglögga tóft um 50m sunnan tóftar 1. Tóftin virtist liggja norðaustur-suðvestur og var um 9x8m að utanmáli. Veggjalög voru býsna óljós en dálítil aflöng dæld afmarkaði innanmál hennar. Kjarninn var tekinn í gólf tóftarinnar. Lítilfjörleg mannvist var í kjarnanum ofan við H1104 sem virtist óhreyfð. Neðan hennar var þykkt moldarlag með dálitlu af kolum en neðan þess 17sm þykkt kola og móöskulög. Einna helst virtist sem að um ruslalög væri að ræða en lögin benda til að tóftin geti að stofni til verið nokkru eldri en gjóskan 1104.

<u>Gróin þúst 3 (ruslahaugur?) [Málmey-13]</u>

Þrír kjarnar voru teknir í dæld eða óljósa tóft um 30m sunnan við tóft 1. Tveir kjarnanna voru teknir í mögulega veggi en enga mannvist var að finna í þeim. Kjarninn sem var tekinn í miðju tóftar var hinsvegaer með þykkum móöskulögum sem líktust frekar ruslalögum en gólfi. Þessi lög virtust liggja undir 1104 óhreyfðu og var dálítil jarðvegsuppsöfnun á milli móöskulaganna og gjóskunnar sem gæti bent til að lögin séu nokkru eldri. Mögulega hluti ruslahaugs, eða ruslalag.

<u>Upphækkun, skoðuð sem mögulegt kirkjugarðsstæði [Málmey-20]</u>

Hringlaga þúst eða upphækkun lá um 20m norðan af tóft 1. Þar sem að ætlunin var að kanna hvar miðalda kirkja og kirkjugarður hefðu mögulega legið voru teknir nokkrir kjarnar í upphækkunina. Mikil hvönn óx í upphækkuninni þannig að ekki var hægt að greina hvort þar væru einhver veggjalög. Í öllum kjörnunum var lítil sem engin mannvist ofan H1104 gjóskunnar. Hinsvegar var móöskublandin mold undir gjóskunni en engin torf eða veggjalög greinileg.

<u>Ruslahaugur [Málmey-18]</u>

Um 6m austan við langvegg tóftar 1 var hringlaga þúst sem lá norðaustur-suðvestur. Þústin var um 14m löng og um 8m breið og virtist líklegust til að vera ruslahaugur sem tilheyrt hefur mögulegri skálabyggingu. Í kjarnanum komu bæði gjóskulögin H1300 og H1104 fram í kjarnanum. Engin mannvist var ofan 1300 gjóskunnar en dálítið var af kolum í fokmoldinni á

milli þess og 1104. Undir 1104 var um 2sm þykkt óhreyft fokmoldarlag en undir því augljóst ruslalag um 24sm þþykkt með móösku, kolum og brenndum beinum.

*Túlkun mannvistarleifa austanvert á eynni*

Allar minjarnar sem voru skoðaðar með kjarnabor austanvert í Málmey benda til að þar hafi bæjarstæðið verið, eða í það minnsta að þar hafi staðið bær á 10.-11. öld. Örlitlar vísbendingar voru um áfok kolasáldur á tímabilinu 1100-1300 en það var of lítið til að vera vísbending um búsetu líklegra er að um fok sé að ræða frá bæjarstæðinu ofar á hæðinni. Það hefur því annað hvort verið tvíbýlt í upphafi byggðar í eynni eða að bærinn hafi mjög snemma verið fluttur ofar í brekkuna þar sem hann stóð síðan. Byggð í austanverðri eynni hefur lagst af þegar á 11. öld.

## Minjar upp á Ásnum vestan bæjarins



*Mynd 19. Horft til vesturs eftir garðlagi sem afmarkar matjurtagarða ofan á Ásnum. Hægra megin við garðinn er dálítil hólbunga en þar eru tóftir sem líklega eru leifar hjáleigunnar uppi á Koti. Húsin hafa verið aflögð fyrir 1300.*

### *Hjáleigan Kot (Kjarnar 20-26)*

<u>Tóft [Málmey-34]</u>

Teknir voru kjarnar í tóftir sem liggja á svokölluðum Ási, ofan og vestan bæjarhólsins. Heimildir eru um hjáleigu sem bar nafnið Kot en var aflögð fyrir árið 1709. Líklegastar til að vera mannabústaður eru tóftir sem liggja á dálítilli upphækkun fast norðan undir stæðilegum matjurtagarði. Vera kann að við gerð matjurtagarðsins hafi verið skorið af tóftunum syðst en í matjurtagarðinum liggur land nokkru lægra heldur en norðan hans þar sem tóftirnar liggja. Tófta upphækkunin var um 18m löng frá austri til vesturs og um 13m frá norðri til suðurs. Efst á hólnum voru nokkuð óglögg veggjalög sem í fljótu bragði virtust geta
verið einhverskonar útihús en veggirnir lágu ofan á upphækkun sem benda til að þau hafi verið reist á eldri mannvirkjum.




Kjarnarnir [20-26] sem teknir voru í tóftina skiluðu ekki afgerandi niðurstöðum. Kjarnar sem teknir voru vestast í upphækkunina leiddu í ljós stæðilega torfveggi sem reistir hafa verið eftir 1104 og 1300 gjóskan virtist liggja yfir þeim. Torfið var rauðleitt mýrartorf með gráum linsum, líklega leirlinsum. Engin merki mannvistar voru ofan 1300 í þessum kjörnum. Í einum kjarna [25] var torf með 1104 og gráum linsum sem túlkuð voru sem H1300 í torfi en þó er líklegra að um sé að ræða sama torfið og í hinum kjörnunum þar sem að það lá í sömu dýpt og veggirnir í hinum kjörnunum. Í einum kjarnanna var kolalinsa sem er vísbending um að þarna kunni að vera um að ræða mannabústað en sökum þess að komið var niður á grjót inni í tóftinni komu ekki fram óyggjandi leifar gólflags.

Það er því ekki ólíklegt að þarna sé um að ræða afbýli það sem nefnt var Kot en það bæjarheiti er þá æði fornt ef að húsin hafa verið fallin fyrir 1300.

<u>Forn garðlög kjarnar 27-31.</u>

Teknir voru borkjarnar í forn garðlög sem liggja þvert yfir eyna og einnig þvergarða milli þessara garðlaga. Garðlögin eru nokkuð jarðsokkin og eru gleggst ofan á Ásnum vestan bæjarstæðisins þar sem að þar er minni gróður en austar á eynni. Í kjörnunum kom fram mjög þurr og einsleitur jarðvegur með þykkum sandlögum og var ekkert eiginlegt torf greinanlegt í

þeim. Hinsvegar kom í tveimur kjarnanna fram 1104 gjóskan í því sem virtist nokkrum þunnum lögum sem voru hvert yfir öðru sem er vísbending um að garðarnir séu hlaðnir eftir að gjóskan féll. Í einum kjarnanna [29] kom fram þunn grá gjóskulína á 27cm dýpi sem gætu verið H1300 gjóskan. Það er því möguleiki að a.m.k. hluti garðanna sé eldri en 1300.

## Garðlag og tóftir [Málmey-42-45]



**Mynd 20. Hálf-hringlaga garðlag austast á eynni sem er að nokkrum hluta horfið vegna landbrots. Með góðum vilja má sjá tóft innan gerðis en tóft liggur rétt utan þess í „horninu" neðan til og tóft, líklega réttartóft er í móanum vinstra megin á myndinni. Ljósm. Hjalti Pálsson.**

### Borkjarnar [32-35] í gerði og tóftir

Kjarnar voru teknir í garðlag og tóftir sem liggja austast á eynni um 800m sunnan við bæjarstæðið. Engin ummerki um mannvist fundust í kjörnum innan gerðisins, kol móaska eða annað sem bent gæti til að þarna hafi verið búið. Þó er ekki hægt að fullyrða það með vissu vegna þess hve lítið var hægt að greina í borkjörnunum. Líkt og víðar var jarðvegur mjög þurr og einsleitur og í honum voru þykkar sandlinsur. Í garðveggnum kom hinsvegar fram mjög illa farið og óljóst torf sem þó voru í þunnar linsur af H1104 sem bendir til að veggurinn hafi verið hlaðinn eftir þann tíma. Tekinn var könnunarskurður þar sem torfið í garðinum virtist greinilegast.

*Könnunarskurður í garðlag*




*Mynd 21. Jarðlög í skurði sem tekinn var í garð [42]*

Skurðurinn var um 80sm að breidd, um 85sm á dýpt og um 50sm breiður. Undir grasrót [1] var einsleitt fokmoldarlag [2] með þykkum sandlinsum en engin gjóskulög til frekari aldursgreiningar. Garðurinn [3] kom fram á um 40sm dýpi. Torfið í garðinum var gráleitt með linsum af H1104 og einstaka rauðleitum mýrarflekk. Undir garðinum var slétt lag, en líklega hefur grundvöllurinn undir hann verið sléttaður áður en hann var reistur.

*Túlkun:* Garðurinn er reistur eftir 1104 en ekki var hægt að meta aldur hans nánar. Minjarnar tengjast líklega skepnuhaldi eða einhverskonar landnytjum, fremur en að þarna sé um býli að ræða.

### Könnunarskurðir í bæjarhól




*Mynd 22. Jarðlög í könnunarskurði sem tekinn var í garðlag sunnan bæjarhólsins.*

*Skurður 1*

Skurðurinn var tekinn sunnanvert í það sem virtist bogadregið garðlag sunnan við þar sem ætlað var að Bænhúsið hefði staðið skammt sunnan bæjarhúsanna. Skurðurinn var 180sm langur og 50sm breiður. Hann var um 70sm á dýpt. Efst var 40sm þykk ormétin og þurr mold [1]. Neðan hennar í suðausturhluta skurðar kom fram vegghleðsla úr torfi [3] um 30sm á hæð. Torfið var fremur einsleitt en í því var H1104 í lögum. Upp að garðinum innanverðum hefur hlaðist upp fokmoldarlag [2] sem í voru koladreif og aska. Undir garðlaginu og fokmoldarlagin var svo H1104 gjóskan óhreyfð og undir henni um 15sm þykkt rótað moldarlag [4] með móösku og kolum. Neðan þess voru náttúruleg óhreyfð lög.

*Skurður 2*

Skurðurinn var tekinn rétt um 2m norðan við garðlag sem talið var geta tengst Bænhústóftinni. Skurðurinn var 2ja metra langur og 60sm breiður. Í honum komu fram rótuð rótuð ruslalög niður á 60sm dýpi þar sem komið var niður á óhreyft. Jarðlög í skurðinum voru öll mjög úr lagi færð vegna hvannaróta. Engin ummerki fundust um eldri minjar í skurðinum.

*Skurður 3*




*Mynd 23. Jarðlög í skurði sem tekinn var þar sem ætlað var að Bænhústóftin hefði staðið. Efra myndin er vestursnið skurðarins en það neðra er flatar-teikning af botni skurðarins.*

Skurðurinn var tekinn í miðjan hólinn sem ætlað var að Bænhústóftin hafi staðið á um 15m sunnan steypts kjallaragrunns íbúðarhússins. Skurðurinn lá norðnorðaustur-suðsuðvestur og var 2m langur, 70sm á breidd og um 70sm djúpur. Fjarlægja þurfti hvönn af skurðstæðinu áður en grafið var og efstu 20-40sm af jarðvegi [1] var rótarskotinn og fremur losaralegur. Fyrir miðju skurðar var ekki mjög fornlegur niðurgröftur [2] með rusli, þar á meðal miklu af fiskbeinum. Niðurgröfturinn var í gegnum rótað lag [3] með kolum og móösku í suðurenda skurðar og rótuðu lagi [4] með nokkru af móösku og öðru rusli í norðurenda. Syðst í skurðinum var komið niður steinhleðslu sem virtist geta verið úr vegg og sunnan hennar var rótað ruslalag en syðst í skurðinum var grátt þétt [5] lag með stærri kolamolum. Norðan steinhleðslunnar undir lagi [4] var komið niður á rótað torflag sem virtist vera með nokkuð veglegum hnausum, etv. úr vegg. Gjóskan H1300 var í hnausunum. Ekki var grafið niður fyrir mögulega vegghleðslu og torf í skurði.



*Mynd 24. Syðsti hluti bæjarhólsins þar sem könnunarskurðir voru teknir í garðlag og meinta bænhústóft. Sökum gróðurs var erfitt að gera sér grein fyrir mögulegum tófta og garðleifum í bæjarhólnum. Staurinn stendur nokkurn veginn þar sem bænhústóftin er talin hafa staðið.*

*Túlkun:* Jarðlög í skurði 3 voru öll mjög rótuð og rusla blandin. Engin óyggjandi ummerki um kirkjugarð eða kirkju fundust en þó kann hleðslan sem fannst í skurðinum að hafa tilheyrt vegg kirkjutóftar sem rutt hefur verið um. Hinsvegar benti ekkert í skurðinum til tóftar sem hefur verið óhreyfð og enn vel greinanleg á yfirborði um 1960. Skurðurinn í garðlagið sem liggur boga suður og austur fyrir hólinn bendir til að hann sé hlaðinn eftir 1100. Vísbendingar voru um mannvistarleifar frá því fyrir 1100 á bæjarhólnum.

## Niðurstöður



*Mynd 25. Horft yfir túnið í Málmey af Ásnum vestan þess. Fyrir miðri mynd er sjálfur bæjarhóllinn.*

Alls voru skráðar 65 minjar við rannsóknirnar sumarið 2012. Hluti minjanna telst ekki fornleifar samkvæmt 3.gr. laga um menningarminjar (nr. 80, 2012) en þar eru einungis minjar sem eru 100 ára eða eldri taldar til fornleifa. Hinsvegar voru allar greinanlegar mannvistarleifar skráðar, óháð aldri þeirra, enda um minjaheild að ræða sem sýnir þróun byggðar og nýtingu hlunninda og lands í eynni frá upphafi byggðar fram að þeim tíma er hún var yfirgefin.

Borkjarnar voru teknir á nokkrum stöðum, í óglöggar tóftir og garðlög, auk þess sem fjórir könnunarskurðir voru grafnir, annars vegar við meint bænhús á bæjarhólnum og hinsvegar í leifar mögulegs afbýlis. Kjarnarnir staðfestu að byggð hefur verið í eynni fyrir 1104, e.t.v. allt frá landnámi. Ummerki um híbýli manna, og útihús fundust austast á eynni, austan og neðan bæjarstæðisins. Sú byggð virðist hafa verið aflögð fyrir 1104 en líklega hefur bærinn þá verið fluttur ofar á eyna þar sem hann stóð allar götur síðan. Vísbendingar fundust einnig um mannvist á bæjarhólnum sem var frá því fyrir 1104. Vera kann að þar sé um að ræða leifar bæjarins sem fluttur var en ekki er loku fyrir það skotið að fleirbýlt hafi verið í eynni í elstu tíð.

Þrír könnunarskurðir voru grafnir í bæjarhólinn. Garðlag sem liggur í boga sunnan og austan syðsta hluta bæjarhólsins svarar til lýsingum á garðlagi umhverfis svokallaða Bænhústóft.

Garðlagið er hlaðið eftir 1104. Hinsvegar var ekki hægt að ákvarða hvort að svæðið innan garðsins væri kirkjugarður og kom þar tvennt til. Annarsvegar voru þar þykk seinni tíma rusla- og mannvistarlög sem ekki var tími til að grafa í gegn um en hinsvegar er hvönn orðin svo þétt á bæjarhólnum að erfitt var um vik að ákvarða hvar hentugast væri að grafa. Byggingaleifar sem komið var niður á voru yngri en 1300 gjóskan en hvort þar er um kirkjutóft að ræða skal ekki fullyrt.



*Mynd 26. Kári Gunnarsson og Bryndís Zoëga við gröft könnunarskurðar á svæðinu sem meint Bænhústóft mun hafa staðið.*

Ekki var hægt að staðfesta að gerði og tóftir sunnar á eynni væru leifar afbýlis en þær minjar eru frá því eftir 1104. Þótt ekki væri hægt að ákvarða aldur þeirra nánar eru þær vísast mjög fornar enda liggja þær djúpt í jörðu. Borkjarnar voru teknir í garðlögin miklu sem sem þvera eyna og skipta henni upp í nokkur hólf. Kjarnarnir bentu til að garðarnir væru hlaðnir eftir 1104 en mjög mikil jarðvegssöfnun var ofan veggjanna og má ætla að þeir geti verið mjög fornir þrátt fyrir að ekki væri unnt að ákvarða efri aldursmörk. Greinilegasti garðurinn sem þverar eyna norðanvert var reistur á fyrri hluta 20. aldar en líklega ofan á eldri garðleifum. Alls hafa því þrír garðar legið þvert yfir eyna norðan bæjarstæðisins. Vera kann að garðarnir séu flestir jafn gamlir þar sem að á milli þeirra liggja þvergarðar sem virðast svipaðir að gerð.Vísbendingar voru um að a.m.k. einn þvergarðanna á milli stóru kunni að vera aflagður fyrir 1300.  Garðurinn sem liggur yfir eyna sunnanvert er svo yngri, frá fyrri hluta 20. aldar. Garðurinn sem liggur yfir eyna sunnan vitans er einnig mjög forn en ekki fannst í honum torf eða annað sem bent gæti til aldurs.

## Varðveisla minja og hættumat

Engin byggð er í Málmey og minjum er því vart hætta búin vegna framkvæmda. Segja má að minjum sé helst hætta búin vegna gróðurs. Sé miðað við uppgang og útbreiðslu hvannar í eynni síðustu áratugi má búast við að það líði ekki langur tími áður en að flestallar minjar þar verði meira og minna horfnar í hvannaskóg. Það hefur ekki aðeins þau áhrif að minjarnar verði lítt sýnilegar þegar gróður er í mestum blóma heldur, eins og augljóst varð við rannsóknirnar 2012, geta rætur plantnanna haft áhrif á torf og önnur mannvistarlög sem liggja grunnt undir yfirborði. Auk þess veldur þykkur hvannskógurinn mikilli jarðvegsuppsöfnun og

veggjalög sem voru sýnileg um miðja 20. öld eru nú að mestu eða öllu horfin. Þar með má telja ummerki í og við bæjarhólinn og tóftir í heimatúninu. Hvönn er einnig tekin að skjóta sér niður í garðana sem þvera eyna. Hluti garðlags og mögulega einhverjar tóftir hafa horfið fyrir björg við landbrot austanvert í eynni og eru minjar á því svæði í nokkurri hættu af frekara landbroti. Garðlag syðst á eynni hefur blásið upp að hluta en annars virðis landbrot og uppblástur einkum verða við útbrúnir eyjarinnar og þær minjar sem liggja nærri þeim í mesti hættu. Þær eru hinsvegar ekki mjög margar og almennt má segja að minjum sé ekki mikil hætta búin vegna jarðvegsrofs eða landbrots. Í meðfylgjandi hnitatöflu eru minjar sagðar í engri hættu þrátt fyrir að vera að hverfa undir hvönn. Það helgast af því að margar þeirra eru nú þegar mjög jarðsokknar og hvannaræturnar munu því líklega ekki hafa mikil áhrif á jarðlæg mannvistarlög. Auk þess eru takmarkaðar líkur á að minjum stafi hætta af framkvæmdum eða fyrirsjáanlegri landeyðingu.

## Niðurlag

Málmey býður upp á fjölbreytt minjalandslag sem endurspeglar um 1000 ára búskaparsögu í eynni. Það er ljóst að ekki hefði mátt bíða lengur með skráningu minja í eynni þar sem að hvönn er að leggja hana undir sig á svo stórvirkan hátt að meira að segja útihús sem voru í notkun á 20. öld eru nánast horfin af yfirborði. Vitneskja um staðsetningu, aldur og gerð minja er því mikilvæg viðbót við fyrirliggjandi þekkingu á sögu eyjarinnar.

Ólíklegt er að minjum í eynni stafi mikil hætta af mannanna verkum. Ef sýnt þykir hinsvegar að framkvæmdir kunni að hafa áhrif á fornleifar, eða ef minjar koma óvænt upp við framkvæmdir, ber að tilkynna það til Minjastofnunar Íslands sem fer með yfirstjórn minjavörslu í landinu.

# Heimildir

### Prentaðar heimildir

(JÁM) Árni Magnússon og Páll Vídalín (1930). *Jarðabók. Skagafjarðarsýsla. IX bindi*. Hið íslenska fræðafjelag. Kaupmannahöfn.

*Biskupasögur bindi III*. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan. Reykjavík 1948.

(DI III) *Íslenzkt fornbréfasafn II 1253-1350.* Kaupmannahöfn, 1893.

(DI III) *Íslenzkt fornbréfasafn III 1262-1415.* Kaupmannahöfn, 1896.

(DI XI) *Íslenzkt fornbréfasafn XI 1310-1550*. Kaupmannahöfn, 1915-1925.

Grímur Sigurðsson (1967) Málmey. *Skagfirðingabók II*. Sögufélag Skagfirðinga.

*Lovsamling for Island, 3. bindi*, (1749-1772). Kaupmannahöfn.

### Óprentaðar heimildir

Túnakort Málmeyjar. Gert af K.Kristinssyni 1917.

Örnefnaskrá Málmeyjar. Kristján Eiríksson skráði 1973. Örnefnastofnun.

Óprentuð dagbók Jóhönnu Gunnarsdóttur frá Málmey 1921-41. (HSk. 447, 4to.)

### Vefheimildir

(Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat 1916-1918. Málmey nr. 89. Skoðað þann 21.01.13).
Manntalsvefur Þjóðskjalasafns. Manntal 1703. Skoðað þann 22.01.2013


Málmey-yfirlitsmynd
N
Kaldbakur
Lambhagi
Vestur-Kaldbaksvík
Austur-Kaldbaksvík
Langafjara
39
38
21
Húsanes
32
11
65
15-16
33, 57
60
19
51
10
56
59
Bæjargjá
58
22-31
53
34-36
8
37
6
7
Jarðfall
12-14, 17-18, 20
1-5, 9
55
41
40
Klif
52
54
47
45
42
43
44
46
49
48
50
Gataforvaðavík
Langafjara
Kringluskörð
Kringla
0
250
500
750
1.000
m
Loftmyndir ehf

| Nr. | Dags. | A | N | Staðsetning kjarna | Lýsing |
|---|---|---|---|---|---|
| **1** | 10.07.2012 | 476035 | 613570 | Kjarninn var tekinn um metra norðan við óglögga tóft [17] á grasi vöxnu sléttlendi 108m austan og neðan seinasta bæjarstæðisins | 0-10cm: Grasrót<br>10-30cm: Fokmold<br>30-35cm: örlítil koladreif<br><u>35cm: H1300 (gráleit gjóska) óhreyfð</u><br>35-43cm: óhreyfð fokmold<br><u>43-46cm: H1104 óhreyfð (3 cm þykkt)</u><br>46-54cm: móöskulag neðri hluti þess þéttari<br>54-65cm: Rótað torf með H3 og koladreif<br>65cm: H3 óhreyfð |
| **2** | 10.07.2012 | 476037 | 613570 | Kjarninn var tekinn norðan í þar sem virtist mjög jarðsokkinn norður langveggur tóftar [17] | 0-10cm: Grasrót<br>10-27cm:Fokmold<br><u>27cm: H1300 óhreyfð</u><br>27-40cm: Fokmold með flekkjum af H1104 og koladreif<br><u>40cm: H1104 óhreyfð</u><br>40-45cm: Rótuð mold með móösku<br>45-53cm: Móaska með kolum<br>53-70cm: Mjög þétt gráleitt jarðlag með örlitlu af kolum<br>70cm: Náttúruleg lög |
| **3** | 10.07.2012 | 476038 | 613570 | Kjarninn var tekinn í miðjan norður langvegg óglöggrar tóftar [17] | 0-10cm: Grasrót<br>10-13cm: Fokmold<br>13-35cm: Rótuð fokmold með kolum og smá dreif af H1104<br><u>35cm: H1104 óhreyfð</u><br>35-45cm: rótuð fokmold með móösku<br>45-48cm: Móöskulag, ekki mjög þétt<br>48-60cm: Rótaður gráleitu jarðvegur með koladreif<br>60-70cm: Mold með kola- og móöskudreif<br>70cm: Náttúruleg jarðlög |
| **4** | 10.07.2012 | 476037 | 613568 | Kjarninn var tekinn norðanvert í gólf óglöggrar tóftar [17] | 0-17cm: Grasrót<br>17-27cm: Fokmold með svörtum gjóskuflekkjum<br><u>27cm: H1300 óhreyfð</u><br>27-39cm: Rótuð fokmold með móösku- og koladreif og brenndum beinum<br>39cm: H1104 óhreyfð<br>39-41cm: Einsleitur jarðvegur niður á stein á 41cm |
| **5** | 10.07.2012 | 476038 | 613568 | Kjarninn var tekinn í gólf tóftar [17] | 10-18cm: Grasrót<br>18-25cm: Fokmold með flekkjum af svartri gjósku<br><u>26cm: H1300 óhreyfð (mjög þunnt)</u><br>26-38cm: Rótuð fokmold með smá kolum<br><u>39cm: H1104 óhreyfð</u><br>40cm: Óhreyfð jarðlög |
| **6** | 10.07.2012 | 476043 | 613564 | Kjarninn var tekinn í gólf tóftar [17] | 0-10cm: Grasrót<br>10-30cm: Fokmold<br><u>30cm: H1300 óhreyfð</u><br>30-40cm: Fokmold með koladreif<br><u>40cm: H1104 óhreyfð</u><br>41-52cm: Rótuðfokmold með smá koladreif<br>52-54cm: Dökkt þétt lag með stærri kolamolum (gólf)<br>55-69cm: Þétt lag með dálitlu af brenndum beinum<br>69cm: Óhreyfður jarðvegur |

| Nr. | Dags. | A | N | Staðsetning kjarna | Lýsing |
|---|---|---|---|---|---|
| **7** | 10.07.2012 | 476042 | 613566 | Kjarninn var tekinn í gólf tóftar [17] | 0-20cm: Grasrót<br>20-33cm: Fokmold<br>33-39cm: Rótuð fokmold með móösku og kolum<br>40cm: H1104 óhreyfð<br>40-43cm: Mold með koladreif<br>43cm: Steinn |
| **8** | 10.07.2012 | 476044 | 613563 | Kjarninn var tekinn í gólf tóftar [17] | 0-15cm: Grasrót<br>15-20cm: Fokmold<br>20-39cm: Rótuð fokmold með kolum og móösku flekkjum af H1104 og brenndum beinaleifum<br>39cm: H1104 óhreyfð<br>39-60cm: Fokmold með koladreif og nokkurri móösku. 60-63cm: Sendið þétt lag með dálítilli móösku og koladreif<br>62cm: Komið niður á stein |
| **9** | 10.07.2012 | 476045 | 613566 | Kjarninn var tekinn í meintan austur langvegg tóftar [17] | 0-15cm: Grasrót<br>15-25cm: Óhreyft<br>25-39cm: Fokmold með móösku- og koladreif<br>39cm: H1104 óhreyfð<br>40-63cm: Blandað lag, efst móaska, móaska og kol í miðju lagi en meira af brenndum beinum og kolum neðst í lagi. Kolalagið neðst var þéttara<br>63cm: Komið niður á stein |
| **10** | 10.07.2012 | 476046 | 613488 | Kjarninn var tekinn í meintan austur langvegg tóftar [17] | 0-10cm: Grasrót<br>10-28cm: Óhreyft<br>28-41cm: Fokmold með koladreif<br>41cm: H1104 óhreyfð<br>42-55cm: Fokmold með koladreif<br>55cm: Óhreyft |
| **11** | 10.07.2012 | 476036 | 613570 | Kjarni tekinn um 2m vestan vestri langveggjar tóftar [17] | 0-20cm: Grasrót<br>20-39cm: Gráleitt leirkennt náttúrulag<br>39cm: H1104 óhreyfð<br>40-60cm: Fokmold með örlítilli koladreif<br>60cm: Óhreyft |
| **12** | 10.07.2012 | 476025 | 613540 | Óljós upphækkun, mögulega tóft [12] austarlega á eynni. Kjarninn var tekinn í gólf tóftarinnar<br><br>Mögulegur ruslahaugur | 0-15cm: Grasrót<br>15-44cm: Fokmold með smá koladreif<br>44cm: H1104 óhreyfð<br>45-55cm: Fokmold<br>55-60cm: Mold blönduð móösku og kolum<br>60-71cm: Lagskipt móöskulag<br>71cm: Óhreyfð jarðlög |
| **13** | 10.07.2012 | 476025 | 613540 | Óljós tóft [13] austan vert á eynni.<br><br>Mögulegur ruslahaugur | 0-20cm: Grasrót<br>20-39cm: Fokmold með örlítilli koladreif<br>40cm: H1104 óhreyfð<br>42cm : Óhreyft |
| **14** | 10.07.2012 | 476027 | 613539 | Kjarni tekinn 14cm austan kjarna 13 | Sama og kjarni 13 |

| Nr. | Dags. | A | N | Staðsetning kjarna | Lýsing |
|---|---|---|---|---|---|
| **15** | 10.07.2012 | 476021 | 613542 | Óljós tóft [12] austan vert á eynni<br><br>Mögulegur ruslahaugur | 0-15cm: Grasrót<br>15-39cm: Fokmold<br>40cm: H1104 óhreyfð<br>40-44cm: Óhreyft<br>44-69cm: Lagskipt móöskulag<br>70cm: Óhreyft |
| **16** | 10.07.2012 | 476045 | 613603 | Kjarni tekinn í hringlaga þúst [20] | 0-40cm: Mjög rótaður jarðvegur vegna hvannaróta<br>40cm: H1104 óhreyfð<br>40-53cm: Óhreyft<br>53-56: Móaska.<br>57cm: Óhreyft |
| **17** | 10.07.2012 | 476049 | 613611 | Kjarni tekinn í hringlaga þúst [20] | 0-48cm: Mjög rótaður jarðvegur vegna hvannaróta<br>49cm: H1104 óhreyfð<br>50-68cm: Fokmold með smá móösku<br>69cm: Óhreyft |
| **18** | 10.07.2012 | 476050 | 613622 | Kjarni tekinn í hringlaga þúst [20] | 0-48cm: Mjög rótaður jarðvegur vegna hvannaróta<br>49cm: H1104 óhreyfð<br>50-56cm: Fokmold með móösku<br>57cm: Óhreyft |
| **19** | 10.07.2012 | 476029 | 613563 | Kjarni tekinn í hringlaga þúst [18] Virðist vera ruslahaugur | 0-17cm: Grasrót<br>17-33cm: Fokmold<br>34cm: H1300 óhreyfð<br>35-39cm: Fokmold með smá koladreif<br>40cm: H1104 óhreyfð<br>41-43cm: Fokmold<br>43-62cm: Ruslalag með móösku og kolum<br>63cm: Óhreyft |
| **20** | 11.07.2012 | 475605,463 | 613554,571 | Kjarni tekinn í vesturvegg húsatófta [34] við garðlög á Ásnum vestarlega á eynni (hjáleigan Kot) | 0-10cm: Grasrót<br>10-32cm: Fokmold með sandi<br>33cm: H1300 óhreyfð<br>34-76cm: Torf með gráleitum jarðvegi og H1104 í lögum<br>77cm: Óhreyft |
| **21** | 11.07.2012 | 475606,101 | 613554,958 | Kjarni tekinn í vesturvegg húsatófta [34] við garðlög á Ásnum vestan bæjar (hjáleigan Kot) | 0-10cm: Grasrót<br>10-32cm: Fokmold með sandi<br>33: H1300 óhreyfð<br>34-90cm: Rauðleitt mýrartorf með gráum leirlinsum og H1104<br>91cm: Óhreyft |
| **22** | 11.07.2012 | 475606,614 | 613557,421 | Kjarni tekinn vestan við húsatóftir [34]uppi á Ásnum vestan bæjar (hjáleigan Kot) | 0-10cm: Grasrót<br>10-38cm: Fokmold<br>38-68cm: Torf með H1104 og H1300<br>69cm: Ekki tekið dýpra |
| **23** | 11.07.2012 | 475607,209 | 613553,446 | Kjarni tekinn inni í húsatóftum [34]við garðlög vestarlega á eynni (hjáleigan Kot) | 0-10cm : Grasrót<br>11-48cm: Óhreyft<br>49cm :H1300 óhreyfð<br>50-67cm: Mjög rótað með flekkjum af svartri gjósku<br>68cm: Komið niður á stein |

| Nr. | Dags. | A | N | Staðsetning kjarna | Lýsing |
|---|---|---|---|---|---|
| **24** | 11.07.2012 | 475608,622 | 613551,514 | Kjarni tekinn inni í tóft upp á Ásnum | Engin greinanlegt mannvist í kjarna komið niður á H1104 á 60cm |
| **25** | 11.07.2012 | 475608,887 | 613553,462 | Kjarni tekinn inni í tóft [34] uppi á Ásnum (hjáleigan Kot) | 0-10cm: Grasrót<br>11-50cm: Fokmold<br>50-58cm: Rótað torf með H1300<br>58cm: Um 0,5cm þykk kolalinsa<br>59cm: Óhreyft |
| **26** | 11.07.2012 | 475608,509 | 613548,356 | Kjarninn tekinn í mögulegt gólf tóftar [34] á Ásnum (hjáleigan Kot) | 0-10cm: Grasrót<br>10-29cm: Rótuð mold með torfflekkjum<br>30cm: H1300 óhreyfð<br>31-42cm: Rótuð mold með H1104<br>43cm: Óhreyft |
| **27** | 11.07.2012 | 475599,259 | 613571,541 | Kjarni tekinn í garð [56]  sem liggur þvert yfir eyjuna | Engin mannvist greinanleg í kjarna |
| **28** | 11.07.2012 | 475598,658 | 613572,420 | Kjarni tekinn í garð [56] sem liggur þvert yfir eyjuna | Engin merki mannvistar í kjarna |
| **29** | 11.07.2012 | 475544,219 | 613541,881 | Kjarni í garð [58] sem liggur n-s vestanvert á eynni | Þunn gráleit gjóskulína (H1300?) á 27cm dýpi og undir henni óhreyft en á 57cm dýpi var H1104 í nokkrum lögum en torf ekki vel greinanlegt |
| **30** | 11.07.2012 | 475543,768 | 613541,488 | Kjarni í garð [58] sem liggur n-s vestanvert á eynni | Engin mannvist greinanleg önnur en H1104 í nokkrum lögum á 48-57cm dýpi |
| **31** | 11.07.2012 | 475542,062 | 613541,398 | Kjarni í garð [57] sem liggur n-s vestanvert á eynni | Engin merki mannvistar í kjarna |
| **32** | 11.07.2012 | 475902,857 | 612714,978 | Kjarni tekinn í „túngarð“  [42] mögulegrar tóftar innan gerðis sem er að fara í sjó austanvert á eynni | Engin merki mannvistar en H1104 óhreyfð á 59cm dýpi. Sandblönduð mold í kjarnanum |
| **33** | 11.07.2012 | 475901,227 | 612715,417 | Kjarni tekinn í miðjan„túngarð“  [42]mögulegrar tóftar innan gerðis sem er að fara í sjó austanvert á eynni | Engin merki mannvistar en H1300 óhreyfð á 48cm dýpi. Sandblönduð mold í kjarnanum |
| **34** | 11.07.2012 | 475910,152 | 612702,906 | Kjarni tekinn í dæld mögulegrar tóftar [43] innan gerðis | Engin mannvist greinanleg, mikill sandur í kjarnanum |
| **35** | 11.07.2012 | 475896,743 | 612685,908 | Kjarni tekinn í tóft [44] rétt sunnan gerðis | Engin mannvist greinanleg, mikill sandur í kjarnanum |
| **36** | 11.07.2012 | 475666,828 | 612498,675 | Kjarni tekinn sunnan við Stekkinn[46] austan vitans | Engin mannvist í kjarnanum |
| **37** | 11.07.2012 | 475659,325 | 612508,101 | Kjarni tekinn í Stekkinn [46] austan vitans | Engin mannvist í kjarnanum |

# Málmey - hnitaskrá

| Nr | Fnvrv | Sérheiti | Tegund | Annað | Hlutverk | Annað | Aldur frá | Aldur til | Ástand | Orsök | Hættumat | Orsök | Veggh frá | Veggh til | Austun | Norðun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 13942 | | hóll | | bæjarhóll | | 0 | 0 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 0,0 | 475923 | 613562 |
| 2 | 13943 | | heimild | | híbýli | | 1300 | 1923 | sést ekki | bygginga | | | 0,0 | 0,0 | 475915 | 613558 |
| 3 | 13944 | | jarðræktar-svæði | | óþekkt | blómagarður? | 1850 | 1950 | illgreinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 0,0 | 475924 | 613552 |
| 4 | 13945 | | garðlag | | óþekkt | | 800 | 1900 | greinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 0,3 | 475927 | 613537 |
| 5 | 13946 | | niðurgröftur | | óþekkt | | 1800 | 1950 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 2,0 | 475948 | 613547 |
| 6 | 13947 | | tóft | | fjárhús | | 1900 | 1950 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 0,0 | 475944 | 613430 |
| 7 | 13948 | | tóft | | brunnhús | | 800 | 1900 | greinanleg | | engin hætta | | 0,5 | 0,6 | 475885 | 613361 |
| 8 | 13949 | | gata | hleðsla | leið | | 1800 | 1950 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 0,6 | 475888 | 613397 |
| 9 | 13950 | Bænhús | heimild | | kirkja | kirkjugaðrur | 1000 | 1770 | horfin | | engin hætta | | 0,0 | 0,0 | 475910 | 613539 |
| 10 | 13951 | | garðlag | | túngarður | | 1920 | 1950 | vel greinanleg | | hætta | landbrots | 0,5 | 1,3 | 475845 | 613592 |
| 11 | 13952 | | garðlag | | vörslugarður | | 1500 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,3 | 0,8 | 475767 | 613669 |
| 12 | 13953 | | tóft | | óþekkt | | 800 | 1700 | illgreinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 0,3 | 476005 | 613518 |
| 13 | 13954 | | þúst | hóll | óþekkt | öskuhóll | 800 | 1104 | illgreinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 0,0 | 476024 | 613540 |
| 14 | 13955 | | tóft | | óþekkt | | 1700 | 1950 | illgreinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 0,6 | 476034 | 613500 |
| 15 | 13956 | | tóft | | óþekkt | | 1700 | 1920 | illgreinanleg | | mikil hætta | landbrots | 0,3 | 0,7 | 476073 | 613688 |
| 16 | 13957 | | tóft | | óþekkt | útihús | 1800 | 1950 | illgreinanleg | | hætta | rasks | 0,5 | 1,2 | 476044 | 613688 |
| 17 | 13958 | | tóft | | óþekkt | skáli | 800 | 1200 | greinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 0,3 | 476042 | 613568 |
| 18 | 13959 | | þúst | | óþekkt | öskuhóll | 800 | 1104 | greinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 0,0 | 476057 | 613562 |
| 19 | 13960 | | tóft | | óþekkt | | 1800 | 1950 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 1,3 | 475840 | 613649 |
| 20 | 13961 | | þúst | | óþekkt | öskuhóll | 800 | 1104 | greinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 0,0 | 476048 | 613610 |
| 21 | 13962 | | garðlag | tóft | óþekkt | rétt? | 800 | 1900 | greinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 0,3 | 475988 | 613743 |
| 22 | 13963 | | garðlag | | matjurta-garður | | 1900 | 1950 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,3 | 0,7 | 475828 | 613544 |
| 23 | 13964 | | tóft | | óþekkt | | 1500 | 1800 | greinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 0,3 | 475829 | 613556 |
| 24 | 13965 | | tóft | | óþekkt | | 1500 | 1800 | greinanleg | | engin hætta | | 0,1 | 0,3 | 475828 | 613575 |
| 25 | 13966 | | tóft | | óþekkt | | 1700 | 1950 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,3 | 0,6 | 475821 | 613576 |
| 26 | 13967 | | niðurgröftur | | óþekkt | | 1800 | 1950 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,3 | 1,2 | 475839 | 613588 |
| 27 | 13968 | | þúst | | óþekkt | | 1700 | 1950 | greinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 0,3 | 475838 | 613628 |
| 28 | 13969 | | tóft | | óþekkt | útihús | 1500 | 1900 | greinanleg | | engin hætta | | 0,1 | 0,5 | 475788 | 613576 |
| 29 | 13970 | | tóft | | óþekkt | útihús | 1500 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,2 | 0,5 | 475774 | 613580 |
| 30 | 13971 | | tóft | | óþekkt | stekkur/útihús | 1500 | 1800 | greinanleg | | engin hætta | | 0,2 | 0,3 | 475778 | 613611 |
| 31 | 13972 | | tóft | | óþekkt | | 1800 | 1950 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,1 | 0,3 | 475743 | 613574 |
| 32 | 13973 | | niðurgröftur | | óþekkt | | 1800 | 1950 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 0,5 | 475726 | 613667 |
| 33 | 13974 | | tóft | | stekkur | | 1700 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,3 | 0,6 | 475595 | 613595 |
| 34 | 13975 | Kot/Upp á Koti | tóft | | híbýli | | 1500 | 1800 | greinanleg | | engin hætta | | 0,3 | 0,6 | 475611 | 613552 |
| 35 | 13976 | | garðlag | | óþekkt | matjurtagarður? | 1800 | 1950 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,3 | 0,8 | 475602 | 613550 |
| 36 | 13977 | | garðlag | | óþekkt | matjurtagarður? | 1800 | 1950 | greinanleg | | engin hætta | | 0,2 | 0,4 | 475615 | 613542 |

# Málmey - hnitaskrá

| Nr | Fnvrv | Sérheiti | Tegund | Annað | Hlutverk | Annað | Aldur frá | Aldur til | Ástand | Orsök | Hættumat | Orsök | Veggh frá | Veggh til | Austun | Norðun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 37 | 13978 | | tóft | | óþekkt | | 1500 | 1800 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,3 | 0,5 | 475652 | 613455 |
| 38 | 13979 | Gvendar-brunnur | uppspretta (þornuð) | niðurgröftur | brunnur | | 1920 | 1950 | illgreinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 0,0 | 475765 | 613812 |
| 39 | 13980 | | tóft | | óþekkt | | 800 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,8 | 1,0 | 475386 | 614023 |
| 40 | 13981 | | tóft | | óþekkt | naust? | 1700 | 1900 | greinanleg | | hætta | landbrots | 0,1 | 0,5 | 475935 | 613080 |
| 41 | 13982 | | garðlag | | vörslugarður | | 1920 | 1950 | vel greinanleg | | hætta | | 0,0 | 1,0 | 475724 | 613065 |
| 42 | 13983 | | garðlag | | túngarður | vörslugarður | 1104 | 1600 | greinanleg | | mikil hætta | landbrots | 0,0 | 0,8 | 475907 | 612742 |
| 43 | 13984 | | dæld | | óþekkt | | 1104 | 1600 | greinanleg | | hætta | landbrots | 0,0 | 0,3 | 475912 | 612705 |
| 44 | 13985 | | garðlag | | óþekkt | rétt | 1104 | 1600 | greinanleg | | | | 0,0 | 0,3 | 475895 | 612690 |
| 45 | 13986 | | garðlag | | óþekkt | rétt | 1104 | 1600 | greinanleg | | | | 0,0 | 0,3 | 475872 | 612758 |
| 46 | 13987 | Stekkur | þúst | | stekkur | | 1500 | 1900 | illgreinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 1,5 | 475659 | 612509 |
| 47 | 13988 | | steinsteypa | | íshús | | 1900 | 1950 | greinanleg | | hætta | landbrots | 0,0 | 0,0 | 475636 | 613044 |
| 48 | 13989 | | garðlag | | óþekkt | vörslugarður | 800 | 1900 | | | engin hætta | | 0,1 | 0,6 | 475788 | 612279 |
| 49 | 13990 | | garðlag | | óþekkt | rétt | 1000 | 1800 | greinanleg | | engin hætta | | 0,1 | 0,3 | 475682 | 612336 |
| 50 | 13991 | | tóft | | óþekkt | byrgi | 1700 | 1900 | greinanleg | | engin hætta | | 0,2 | 0,3 | 475893 | 612203 |
| 51 | 13992 | | garðlag | | óþekkt | túngarður | 800 | 1850 | greinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 0,4 | 475951 | 613634 |
| 52 | 13993 | Klif | heimild | | lending | | 800 | 1950 | | | | | 0,0 | 0,0 | 475975 | 613073 |
| 53 | 13994 | Bæjargjá | heimild | | lending | | 800 | 1950 | | | | | 0,0 | 0,0 | 476114 | 613506 |
| 54 | 13995 | Ytra-Jarðfall | heimild | | lending | | 800 | 1950 | | | | | 0,0 | 0,0 | 475617 | 613043 |
| 55 | 13996 | | heimild | | híbýli | | 1900 | 1920 | sést ekki | niðurrifs | | | 0,0 | 0,0 | 475709 | 613078 |
| 56 | 13997 | | garðlag | | vörslugarður | | 1000 | 1800 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,3 | 0,8 | 475570 | 613561 |
| 57 | 13998 | | garðlag | | vörslugarður | | 1000 | 1800 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,3 | 0,7 | 475696 | 613514 |
| 58 | 13999 | | garðlag | | vörslugarður | | 1000 | 1800 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,3 | 0,5 | 475555 | 613502 |
| 59 | 14000 | | garðlag | | vörslugarður | | 1000 | 1800 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,3 | 0,5 | 475646 | 613561 |
| 60 | 14001 | | garðlag | | vörslugarður | | 1000 | 1800 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,4 | 0,5 | 475636 | 613602 |
| 61 | 14002 | | garðlag | | vörslugarður | | 1000 | 1800 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,4 | 0,7 | 475599 | 613587 |
| 62 | 14003 | | leið | gata | vörslugarður | | 1000 | 1950 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 0,0 | 475785 | 613302 |
| 63 | 14004 | | leið | gata | vörslugarður | | 1000 | 1950 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 0,0 | 475707 | 613028 |
| 64 | 14005 | | leið | gata | vörslugarður | | 1000 | 1950 | | | | | 0,0 | 0,0 | 475965 | 613549 |
| 65 | 14006 | | hóll | þúst | óþekkt | | 800 | 1920 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0,0 | 0,0 | 475916 | 613664 |